

Viðhorf ferðapjónustuaðila og útivistariðkenda

til níu virkjunarhugmynda
í 4. áfanga rammaáætlunar

Margrét Wendt

Anna Dóra Sæþórsdóttir

© Margrét Wendt og Anna Dóra Sæþórsdóttir
2020

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

ISBN: 978-9935-9266-8-5

Efnisyfirlit

Myndaskrá	ii
Töfluskrá.....	iii
1 Inngangur	1
2 Gögn og aðferðir.....	3
2.1 Lýsing á virkjununum.....	3
2.2 Viðmælendur	8
2.3 Framkvæmd rannsóknarinnar.....	10
3 Niðurstöður.....	12
3.1 Viðhorf til frekari uppbyggingar virkjana	12
3.2 Viðhorf til vindorkuvera og vatnsaflsvirkjana	15
3.3 Viðhorf til einstakra virkjunartillagna	18
3.3.1 Búrfellslundur.....	18
3.3.2 Vindheimavirkjun	23
3.3.3 Sólheimar.....	27
3.3.4 Vindorkugarður í Garpsdal	30
3.3.5 Alviðra	31
3.3.6 Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun	34
3.3.7 Skúfnavatnavirkjun	38
3.3.8 Hamarsvirkjun.....	41
4 Samantekt	45

Myndaskrá

Mynd 1. Níu virkjunarhugmyndir sem eru til mats í 4. áfanga rammaáætlunar.	1
Mynd 2. Fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum: Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun.	3
Mynd 3. Hamarsvirkjum, fyrirhuguð vatnsaflsvirkjun á Austurlandi	4
Mynd 4. Fyrirhugað vindorkuver við Búrfellslund á suðurhluta miðhálandisins.	5
Mynd 5. Fyrirhugað vindorkuver við Vindheima á Norðurlandi.	6
Mynd 6. Fyrirhugað vindorkuver við Sólheima á Vesturlandi	6
Mynd 7. Fyrirhugað vindorkuver við Garpsdal á Vesturlandi.	7
Mynd 8. Fyrirhugað vindorkuver við Alviðru á Vesturlandi.....	7


Töfluskra

Tafla 1. Helstu kennistærðir vatnsaflsvirkjananna	4
Tafla 2. Helstu kennistærðir vindorkuveranna	8
Tafla 3. Viðmælendur í rannsókninni	9
Tafla 4. Samantekt: Viðhorf ferðaþjónustuaðila og útivistariðkenda til virkjunarhugmynda í 4. áfanga rammaáætlunar.....	46

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður viðtalsrannsóknar um viðhorf ferðaþjónustuaðila og útivistariðkenda til nokkurra virkjunarhugmynda sem eru til umfjöllunar í fjórða áfanga rammaáætlunar. Með rammaáætlun er markmiðið að forgangsraða virkjunarhugmyndum í orkunýtingar- eða verndarflokk. Vinna við fyrsta áfanga rammaáætlunar hófst árið 1999 en við fjórða áfangann 2017 og henni lýkur á vormánuðum 2021. Að þeirri vinnu koma fjórir faghópar sem skipaðir eru sérfræðingum á ýmsum sviðum og er verkefni þeirra að leggja mat á möguleg áhrif hugsanlegra virkjana. Faghópur 2 metur meðal annars áhrif þessara mismunandi virkjana á ferðamennsku og útivist og er verkefnið sem hér er kynnt unnið á vegum faghópsins.

Í verkefninu er sjónum beint að viðhorfi ferðaþjónustuaðila og útivistariðkenda til nýu virkjunarhugmynda sem dreifðar eru víðs vegar um landið (Mynd 1). Fjórar þeirra nýta vatnsafl, en þær eru Skúfnavatnavirkjun (16 MW), Hvanneyrardalsvirkjun (13,5 MW), Tröllárvirkjun (13,7 MW) og Hamarsvirkjun (60 MW). Fyrstu þrjár eru á Vestfjörðum en sú síðastnefnda á Austurlandi. Hinar fimm virkjunarhugmyndirnar eru vindorkuver: Vindorkugarður í Garpsdal (88,2 MW), Sólheimar (151 MW) og Alviðra (30 MW), sem eru allar á Vesturlandi, Vindheimavirkjun (40 MW) á Norðurlandi og Búrfellslundur (120 MW) á jaðri suðurhluta miðhálandisins.



Mynd 1. Níu virkjunarhugmyndir sem eru til mats í 4. áfanga rammaáætlunar.

Tekin voru samtals 68 viðtöl, annars vegar við forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja og hins vegar við forsvarsmenn útivistarhópa. Lögð var áhersla á að varpa ljósi á eftirfarandi:


- Hvaða starfsemi eru ferðaþjónustufyrirtækin með á fyrirhuguðu virkjunarsvæðunum og í nágrenni þeirra og hvaða afþreying er þar í boði?
- Hvers konar útivist er stunduð þar?
- Hafa umrædd svæði aðdráttarafl fyrir ferðamenn og útivistariðkendum?
- Myndu fyrirhugaðar virkjanir koma til með að hafa áhrif á starfsemi ferðaþjónustufyrirtækjanna, sem og upplifun ferðamanna og útivistariðkenda af svæðunum?
- Eru einhverjar virkjunarhugmyndir æskilegri eða óæskilegri en aðrar að mati forsvarsmanna ferðaþjónustufyrirtækjanna og útivistariðkenda?

Í næsta kafla má finna nánari lýsingu á virkjununum, framkvæmd rannsóknarinnar og viðmælendum. Þar á eftir eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og gerð grein fyrir viðhorfum viðmælenda annars vegar til virkjana almennt og hins vegar til einstakra virkjunarhugmynda. Að lokum er samantekt þar sem dregið er fram hvaða kosti og galla viðmælendur nefndu við hverja virkjun fyrir sig í því skyni að varpa ljósi á hvaða virkjanir eru æskilegri eða óæskilegri en aðrar að mati viðmælenda.


2 Gögn og aðferðir

2.1 Lýsing á virkjununum

Af þeim fjórum vatnsaflsvirkjunum sem eru til sérstakrar skoðunar í 4. áfanga rammaáætlunar (verndar- og orkunýtingaráætlun) eru þrjár á Vestfjörðum (mynd 2): Skúfnavatnavirkjun er á vatnasviði Þverár á Langadalsströnd. Hvanneyrardalsvirkjun er á Glámuhálendinu. Tröllárvirkjun er einnig á Glámuhálendinu og er henni ætlað virkja rennsli Vattardalsár, sérstaklega rennsli Þverár hennar, Tröllár. Þá ber að nefna að þessar tvær síðarnefndu virkjanir, Tröllárvirkjun og Hvanneyrardalsvirkjun, myndu útiloka hvor aðra. Á Austurlandi er Hamarsvirkjun en þar er gert ráð fyrir að virkja Hamarsá sem rennur um Hamarsdal til suðausturs út í Hamarsfjörð (mynd 3). Tafla 1 sjást helstu kennistærðir þessara fjögurra vatnsaflsvirkjana.



Mynd 2. Fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum: Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun.




Mynd 3. Hamarsvirkjun, fyrirhuguð vatnsaflsvirkjun á Austurlandi

Tafla 1. Helstu kennistærðir vatnsaflsvirkjananna.


	Skúfnavatna- virkjun	Hvanneyrardals- virkjun*	Tröllárvirkjun*	Hamarsvirkjun
Uppsett afl	16 MW	13,5 MW	13,7 MW	60 MW
Hámarksflatarmál lóns/lóna	1,6 km ²	4,53 km ²	1,56 km ²	4,5 km ²
Fjöldi lóna	1	4		2
Aðkomuvegur að stöð	2 km	4 km	3,6 km	
Aðkomuvegur upp á fjalli	23 km	12 km	19 km	
Stífla (lengd)	850 m	1285 m	400 m	3900 m
Stífla (hæð)	22,5 m		14 m	50 m
Stöðvarhús	Í Hvannadal	Í innanverðum dalnum	Í Vattardal	Í fjalli
Framkvæmdaraðili	Vesturverk ehf.	Vesturverk ehf.	Orkubú Vestfjarða	Hamarsvirkjun ehf.

*Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun útiloka hvor aðra.


Af fimm vindorkuverum sem hér eru til skoðunar er eitt vindorkuver fyrirhugað við jaðar suðurhluta miðhálandisins, þ.e. Búrfellslundur. Annað er fyrirhugað á Norðurlandi, þ.e. Vindheimavirkjun í Hörgárdal. Loks eru þrjú á Vesturlandi, þ.e. á landi Sólheima í Laxárdal í Dalabyggð, Garpsdals á Garpsdalsfjalli í Gilsfirði og Alviðru í Borgarfirði. Við rannsóknina var notast við sýnileikakort af vindorkuverunum (mynd 4-8) þar sem helstu ferðamannastaðir í nágrenninu höfðu verið merktir inn. Í tTafla 2 eru sýndar helstu kennistærðir vindorkuveranna.




Mynd 4. Fyrirhugað vindorkuver við Búrfellslundur á suðurhluta miðhálandisins.




Mynd 5. Fyrirhugað vindorkuver við Vindheima á Norðurlandi.



Mynd 6. Fyrirhugað vindorkuver við Sólheima á Vesturlandi



Mynd 7. Fyrirhugað vindorkuver við Garpsdal á Vesturlandi.



Mynd 8. Fyrirhugað vindorkuver við Alviðru á Vesturlandi.

Tafla 2. Helstu kennistærðir vindorkuveranna.

	Búrfells- lundur	Vindheima- virkjun	Sólheimar	Vindorkugarður í Garpsdal	Alviðra
Uppsett afl	120 MW	40 MW	151 MW	88,2 MW	30 MW
Fjöldi vindmylla	30	8-12	27	21	6
Hámarkshæð vindmylla	150 m	160 m	200 m	160 m	150 m
Framkvæmdar- aðili	Landsvirkjun	Fallorka ehf.	Quadran Iceland Development	EM Orka ehf.	Hafþórsstaðir ehf.

2.2 Viðmælendur

Alls voru tekin 68 viðtöl við forsvarsmenn ferðaþjónustuaðila og útivistarhópa og voru þeir valdir með markvissri úrtaksaðferð (e. purposive strategy sample). Um þriðjungur þeirra var á höfuðborgarsvæðinu og tveir þriðju í öðrum landshlutum (tafla 3).

Við val á viðmælendum úr hópi ferðaþjónustuaðila var leitast við að ræða við þá sem reka ferðaþjónustu á þeim svæðum þar sem virkjanirnar gætu haft áhrif og hafa þar af þeim sökum hagsmuna að gæta. Einnig var rætt við ferðaþjónustufyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar annars staðar en í grennd við fyrirhuguðu virkjanirnar (t.d. í höfuðborginni) en sem fara með viðskiptavinum sína í skipulagðar ferðir í nágrenni framkvæmdasvæðanna. Áhersla var lögð á að ná til starfsmanna fyrirtækja með fjölbreytta starfsemi. Fyrirtækin sem viðmælendur starfa fyrir bjóða meðal annars upp á rútuferðir, jeppaferðir, flugferðir, þyriluferðir, gönguferðir, hestaferðir, skíðaferðir, jöklaferðir, hvalaskoðun, kajakferðir, veiðiferðir, hvataferðir eða gistingu. Stærð fyrirtækjanna var einnig fjölbreytt. Sumir voru einyrkjar en allflest fyrirtækjanna voru með 2-20 starfsmenn. Erfitt reyndist að fá nákvæmar upplýsingar um fjölda starfsmanna í fyrirtækjunum vegna Covid-19 faraldursins.

Hinn hópur viðmælenda sem var haft samband við voru einstaklingar sem eru í forsvari fyrir ýmsa útivistarhópa. Þeir velja ýmist hvert hóparnir fara til að stunda útivist eða hafa áhrif á hvert útivistariðkendur fara, t.d. með skrifum ferðabóka. Við valið voru þeir sem stunda útivist á fyrirhuguðum virkjunarsvæðum eða í nágrenni við þau sérstaklega hafðir í huga og var leitast til að ná til fólks sem stundar sem fjölbreyttasta útivist, eins og t.d. göngur, skíði, klifur, hjólræiðar, veiði og jeppaferðir. Í umfjölluninni hér á eftir er vísað til þessa hóps í heild sem útivistariðkenda.

Tafla 3. Viðmælendur í rannsókninni.

Landsvæði	Nafn fyrirtækis/útivistarhóps/viðmælanda	Helsta starfsemi/aðkoma
Reykjavík/ allt landið	Amazing Tours	jeppaferðir og afþreying
	Boutique DMC	MICE-ferðir (hvataferðir), sérsníðnar ferðir fyrir einstaklinga
	Erlingsson Naturreisen	ferðaskrifstofa, sérhæfð á þýskum markaði
	Ferðafélag Íslands	skipulag ferða, rekstur skála og útgáfa árbókar
	Ferðaklúbburinn 4x4	samtök fyrir áhugafólk um ferðalög á fjólhjóladrifsbífreidum
	Ferðakompaníð	ferðaskrifstofa
	Fjallafélagið	fjallaferðir
	Grayline	ferðaskrifstofa og akstur, með eða án leiðsagnar
	IceBike Adventure	fjallahjólaferðir
	Iceland ProTravel & Iceland ProCruises	ferðaskrifstofa og rekstur skemmtiferðaskips
	Íslenski Alpaklúbburinn	félag áhugamanna um fjallamennsku
	Íslenskir fjallaleiðsögumenn	gönguferðir, jeppaferðir, jöklaferðir og önnur afþreying
	Landssamband hjólræðamanna	regnhlífasamtök hjólræðafélaga á Íslandi
	Norðurflug	þyrduferðir
	Northern Destinations	ferðaskipulag, rekstur skála og veitingastaðar, bílaleiga
	Pink Iceland	skipulag ferða og brúðkaupa, sérhæfð á LGBT-markaði
	Terra Nova	ferðaskrifstofa
	Ultima Thule	ferðaskrifstofa
	Úti	ferðaskipulag og útgáfa tímarits
	Útivist	skipulag ferða og rekstur skála
Suðurland	Vesen og vergangur	gönguhópur
	Áfangagil	gisting
	Ferðafélag Árnesinga	áhugamannafélag um ferðalög á Íslandi, einkum Suðurlandi
	Eldhestar	hestaferðir og gisting
	Herriðarhóll	hestaferðir og gisting
	Hólaskógur	gistiþjónusta í fjallaskála
	Hótel Rangá og Hrauneyjar	gisting og veitingastaður
	Leirubakki / Heklusetur	gisting, veitingastaður, sýning, hestaferðir, önnur afþreying
	Midgard Adventure	göngu- og jeppaferðir, gisting
	Skálakot	gisting, gönguferðir, hestaferðir, önnur afþreying
Austurland	Adventura	gistiheimili og ferðaskrifstofa
	Bragðavellir Cottages	gisting og veingar
	Ferðafélag Djúpavogs	skipulag ferða
	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	skipulag ferða og rekstur skála
	Hjörleifur Guttormsson	höfundur ferðabóka um svæðið
	Strengir - veiðifélag	veiðiþjónusta
	Tinna Adventures	jeppafyrirtæki
Norðurland	Wildboys	gönguferðir
	Amazing North	lúxus- og einkaferðir
	Arctic Fox Travel	jeppaferðir
	Bergmenn ehf.	þyrsluskiðaferðir, fjallaskíðaferðir, gisting
	Circle Air	útsýnisflug og leiguflug
	Ferðafélag Akureyrar	skipulag ferða og rekstur skála
	Ferðaskrifstofan Nonni	ferðaskrifstofa
	Fjallasýn	akstur einstaklinga og hópa, með eða án leiðsagnar
	Fljótsbakki	gisting
	Hlíðarfjall	skíða- og snjóþrettaiðkun
	Hæli - Horse riding tours	hestaferðir
	Ingvar Teitsson	útivistarmaður og fyrrverandi formaður Ferðafélags Akureyrar
	KIP Tours	jeppaferðir
	Pólar Hestar	hestaferðir og gisting
	Sandhaugar	gisting
	SBA	hópfærðþjónusta, með eða án leiðsagnar
	Ungmennasamband Eyjafjarðar	íþrótt- og ungmennafélagsstarf, m.a. Þorvaldsdalsskokkið
	Whale Watching Akureyri	hvalaskoðun
Vestfirðir	Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum	sýning ásamt upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn
	Ferðafélag Ísfirðinga	félagasamtök um útivist
	Heydalur	gisting, sundlaug, kajakferðir, hestaferðir, leiðsögn og annað
	Iceland Backcountry Travel	dagsferðir á jeppum eða hópbífreidum
	Páll Halldór Hallórssón (Rally Páll)	áhugamaður um vélknúna ferðamennsku, leiðsögumaður
	West Tours	ferðaskipuleggjandi og ferðaskrifstofa
	Westfjords Adventures	jeppa-, rútu-, göngu- og hjólaferðir og önnur afþreying
Vesturland	Westfjords Explorations	dagsferðir
	Ögur Travel	kajak- og gönguferðir
	Hótel Bifröst	gisting
	Krauma	náttúrulaugar og veitingastaður
	Stefán Gíslason	höfundur fjallvegahlaupabókar og fjallavegahlaupari
	Veiðihús Norðurá	veiði í Norðurá

2.3 Framkvæmd rannsóknarinnar

Tekin voru hálfstöðluð viðtöl með nokkrum fyrir fram ákveðnum spurningum en viðmælendum var einnig gefinn kostur á að tjá sig frjálst um svæðið og virkjunartillögurnar. Ekki var leitast við að fá innsýn í viðhorf viðkomandi fyrirtækja og útivistarhópa heldur var lögð áhersla á viðhorf þeirra einstaklinga sem rætt var við. Viðhorf þessara aðila til virkjunarhugmynda þurfa ekki að endurspeglar það sem mun raunverulega gerast ef af virkjun verður. Með öðrum orðum: það er ekki víst að viðmælendur hafi rétt fyrir sér. Hins vegar nýta viðmælendurnir virkjunarsvæðið á einn eða annan hátt, t.d. með því að skipuleggja þangað ferðir fyrir aðra eða bjóða þar upp á gistingu. Ef þeir telja að líklegt sé að farið verði í ákveðna framkvæmd og að hún muni hafa neikvæð áhrif á svæðið þar sem þeir hafa starfsemi gæti það leitt til þess að þeir ákveði að nýta ekki viðkomandi svæði. Líklegt er þá að þeir telji að markaðssetningu og kynningu á svæðinu sé þar með kastað á glæ. Þannig má búast við að bæði mat og skoðun viðmælenda móti hegðun þeirra, hvort sem virkjunaráhrifin sem þeir telja líkleg verða síðan raunin eða ekki, ef af virkjun yrði.

Viðmælendur voru beðnir um að tilgreina hvaða landshluta og svæði fyrirtæki þeirra nýtti helst í starfsemi sinni eða hvar þeir hefðu stundað útivist. Eins og gefur að skilja þekktu viðmælendur svæðin misjafnlega vel. Sumir þekktu eingöngu nærumhverfi sitt og svöruðu þá eingöngu spurningum varðandi þá virkjunarhugmynd sem er næst því. Aðrir þekktu nokkur svæði og voru þá þau svæði rædd. Enn aðrir þekktu til á öllum svæðunum og voru þá allar virkjunarhugmyndirnar ræddar. Flestir þekktu svæðið í grennd við Búrfellslund og Vindheimavirkjun vel og tjáði meirihluti viðmælenda (um 60%) sig um þær tillögur. Um helmingur viðmælenda tjáði sig um Garpsdal og Sólheima, nokkru færri um vatnsaflsvirkjanirnar þrjár á Vestfjörðum og um það bil fjórðungur viðmælenda taldi sig þekkja svæðið þar sem Hamarsvirkjun er fyrirhuguð nægilega vel til þess að hafa skoðun á virkjunarhugmyndinni.

Upphaflega náði rannsóknin til átta virkjunarhugmynda en þegar búið var að taka öll viðtölin bættist vindorkuverið Alviðra við sem níunda virkjunarhugmyndin. Var þá aftur haft samband við hluta viðmælendanna. Einnig var haft samband við nokkra ferðaþjónustuaðila til viðbótar sem starfa í nágrenni við fyrirhugað vindorkuver við Alviðru. Alviðra var því virkjunarhugmyndin sem fæstir tjáðu sig um, eða einn af hverjum fimm viðmælendum.

Lengd viðtalanna var mjög misjöfn eftir því hversu margar virkjunarhugmyndir var rætt um en algengast var að viðtölin stæðu yfir í um 30-60 mínútur. Í upphaf viðtals voru viðmælendurnir beðnir um að lýsa starfsemi fyrirtækis síns, þjónustu og afþreyingu, sem og viðskiptavinum þess. Ef um var að ræða forsvarsmenn útivistarhópa voru þeir beðnir um að lýsa starfsemi hópans og aðkomu þeirra að útivist. Því næst var viðmælendum sýnt kort af svæðunum og þeim greint frá helstu kennistærðum virkjananna. Rætt var um einstök svæði, aðdráttarafl þeirra og möguleg áhrif

einstakra virkjunartillagna á ferðapjónustu og útivist. Einnig voru viðmælendur beðnir um að bera saman áhrif þeirra virkjunarhugmynda sem fjallað er um í rannsókninni og þar með greina frá því hvort þeir teldu einhverjar tillögur æskilegri eða óæskilegri en aðrar.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu júní til nóvember 2020 og á þeim tíma voru ein til þrjár Covid-bylgjur búnar að skella á íslenskt samfélag. Viðtölin á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi voru að mestu leyti tekin augliti til auglitis en viðtöl við viðmælendur annars staðar á landinu voru tekin símleiðis eða með fjarfundabúnaði, s.s. Zoom eða Teams. Eftir að samkomutakmarkanir út af Covid-19 voru hertar voru einnig nokkur viðtöl á höfuðborgarsvæðinu, sem annars hefðu farið fram augliti til auglitis, tekin með fjarfundabúnaði. Ef um var að ræða fjarviðtal í síma fengu viðmælendur send gögn og kort í tölvupósti fyrir viðtalið. Annars voru gögnin og kortin lögð fyrir viðmælendur í viðtalinu sjálfu. Viðtölin fóru ýmist fram á ensku eða íslensku. Öll viðtölin voru hljóðrituð, síðan afrituð og loks lykluð í forritinu Atlas. Fyrst voru viðhorf fyrir hverja og eina virkjun greind út frá sjónarhorni ferðapjónustuaðila og því næst voru viðhorfin borin saman. Því næst voru viðhorf útivistaraðila til einstakra virkjunarhugmynda greind, borin saman innbyrðis og í lokin borin saman við viðhorf ferðapjónustuaðila.

3 Niðurstöður

3.1 Viðhorf til frekari uppbyggingar virkjana

Viðhorf ferðaþjónustuaðila og útivistariðkenda til virkjana voru að mörgu leyti mjög svipuð. Þau mótaskast gjarnan af því að náttúra Íslands er mikilvægasta auðlindin fyrir ferðaþjónustuna og einnig það aðdráttarafl sem útivistariðkendur sækjast í að upplifa. Viðmælendur voru almennt sammála um að virkjunarframkvæmdum fylgdi alltaf einhver ákveðinn fórnarkostnaður og því þyrfti að meta hverja virkjunarhugmynd mjög vandlega. Ekki ætti að virkja nema ávinningur virkjunarinnar gæti skapað meira virði en það sem tapast vegna röskunar á náttúrunni. Grundvallarforsenda fyrir mati viðmælendanna á líklegum áhrifum virkjananna var því byggð á því hvaða virði þeir töldu virkjunina skapa fyrir samfélagið. Þannig vildu bæði ferðaþjónustuaðilar og útivistariðkendur helst ekki virkja nema ef um brýnan raforkuskort í landinu í heild eða í ákveðnum landshlutum væri að ræða. Skiptar skoðanir voru á því hvort röskun á náttúrunni væri réttlætanleg og skipti þar miklu fyrir hvern eða í hvaða tilgangi væri verið að auka orkuframleiðsluna, eins og þessi viðmælandi sagði:

Nema við bara gjörsamlega þurfum meira rafmagn, ekki fyrir annað álver heldur eitthvað annað, hreinlega bara fyrir íbúa Íslands, ókei, þá þurfum við að fórna þessum svæðum, en að flytja orkuna út eða byggja annað álver ... nei, það þurfum við ekki.

Margir viðmælendur töldu að staðan á orkumörkuðum í dag benti til þess að ekki væri þörf á að auka raforkuframleiðslu með nýjum virkjunum og voru þar af leiðandi í grunninn mótfallnir öllum nýu virkjunarhugmyndunum. Á þeim svæðum á landinu þar sem þyrfti að bæta raforkuöryggi vildu þeir frekar styrkja flutningskerfið en að reisa nýjar virkjanir. Nokkrir viðmælendur voru hins vegar þeirrar skoðunar að auka þyrfti raforkuframleiðslu, sérstaklega í tilteknum landshlutum, og voru þeir þá líklegri en ella til þess að setta sig við ýmis neikvæð áhrif virkjana.

Ferðaþjónustuaðilar og útivistariðkendur voru almennt sammála um að helstu neikvæðu áhrif virkjana væru þau sem yrðu á upplifun fólks vegna röskunar á umhverfinu. Margir útivistariðkendur lýstu því að það væru mikil verðmæti fólgin í því að njóta ósnortinnar náttúru. Einn sagði að það væru „gríðarleg lífsgæði“ að geta notið útivistar á svæðum eins og t.d. að Fjallabaki og að það væru „tilfinningaleg og andleg verðmæti að einhverju leyti að geta bara farið út í frískt loft, að geta farið út í náttúruna“. Annar viðmælandi sem gengur mikið um íslenska náttúru sagði einnig:

Mér finnst það bara veita mér meiri hamingju. Mér finnst ég vera hamingjusamari þegar ég er í umhverfi sem er minna manngert, þar sem náttúran stjórnar og svoieðis. Það bara veitir mér lífsfyllingu og hamingju en eins og ég sagði, ég er fullorðinn og ég veit að við þurfum rafmagn.

Þegar virkjanir eru byggðar í lítt spilltri náttúru, fækkar svæðum þar sem útivistariðkendur geta sótt í þá hamingju og lífsgæði sem útivistin veitir þeim. Einn viðmælandi sagði t.d.: „Ef þú spillir

náttúrusvæði með virkjun þá deyr það sem útivistarsvæði, punktur.“ Lokanir á svæðum í kringum virkjanir geta einnig dregið úr jákvæðri upplifun útivistarfólks og nokkrir viðmælendur nefndu Hengilssvæðið sem dæmi um svæði sem væri ekki lengur eftirsóknarvert til útivistar vegna þess að þar væri búið að loka ýmsum svæðum nálægt virkjuninni. Einn viðmælandi sagði:

Ef þú ert með gönguhóp og hópurinn þinn fær einhvern veginn á tilfinninguna að hann sé ekki velkominn á svæðið að þá er bara öll ánægjan farin. Það er einhvern veginn algjör forsenda fyrir því að njóta ferðar. Ef þú hefur á tilfinningunni að einhver gæti komið til þín og skammað þig fyrir að vera þarna að þá er betra að sleppa ferðinni. Það eru vegir sem eru með mikið af skiltum sem segja að allur akstur sé bannaður og þetta er bannað og þetta og hitt er bannað. Það hefur rosalega mikil áhrif á upplifun.

Frá sjónarhóli ferðapjónustunnar hefur neikvæð upplifun ferðamanna fyrst og fremst áhrif á velgengni og afkomu einstakra fyrirtækja og atvinnugreinarinnar í heild. Uppbygging virkjana og tilheyrandi röskun á náttúrunni var talin geta dregið úr ánægju ferðamanna af því dveljast á landinu, enda er náttúra Íslands aðalaðdráttarafl landsins. Aðspurður um hvaða virði ósnortin náttúra og víðerni hafa fyrir íslenska ferðapjónustu sagði einn:

Aðalvirðið í mínum huga, ef maður getur skilgreint peningalegt virði, er að þetta er það eina sem Ísland hefur til þess að laða hingað ferðamenn. Fólk kemur ekki hingað út af matnum, þó að það sé góður matur hér. Það kemur bara hingað út af náttúrunni, svo það er eini segullinn sem Ísland hefur til að fá fólk hingað.

Annar ferðapjónustuaðili sagði: „Á síðasta ári var ferðapjónustan stærsta stoðin fyrir íslenskan efnahag. En við getum ekki selt eitthvað ef það er ekki lengur til. Við getum ekki selt óspillta náttúru ef við erum með raflínur alls staðar.“ Einn af þeim viðmælendum sem taldi náttúruvernd stuðla að jákvæðri upplifun ferðamanna sagði: „Það er miklu skemmtilegra að heimsækja einhvern sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfinu og hugsar vel um það og allt þetta. Bara á allan hátt miklu jákvæðari upplifun.“

Margir ferðapjónustuaðilar töldu jafnframt að frekari uppbygging virkjana gæti haft skaðleg áhrif á ímynd og aðdráttarafl Íslands, sérstaklega þegar tekið er með í myndina að lágt hlutfall orkunnar er nýtt af heimilum landsins og hefðbundnum fyrirtækjum en stór hluti af stóriðju-fyrirtækjum. Einn viðmælandi á Norðurlandi taldi að neikvæð ímynd sem virkjanir skapa væri ekki bundin við virkjunarsvæðið heldur að hver og ein virkjun hefði áhrif á heildarímynd ferðamanna af áfangastaðnum Íslandi:

Það væri barnalegt, en ég gæti sagt: „Já, höfum bara öll þessi ljótu mannvirki og þessar breytingar á Suðurlandinu af því að þá getum við haft meiri business á Norðurlandi“. En það er ekki þannig sem við hugsum. Það er heimskulegt af því að það myndi breyta öllu Íslandi. Ég vil bara yfirhöfuð ekki vindmyllur eða vatnsorkuver, fleiri af þeim, í okkar landi.

Þeir sem höfðu áhyggjur af orðspori Íslands bentu á að jákvæð ímynd Íslands væri lykillinn að velgengni ferðaþjónustunnar. Jafnframt hefði ferðaþjónustan alla burði og getu til þess að skapa meira virði en virkjanir. Í stað þess að raska ósnortinni náttúru með mannvirkjum gæti ferðaþjónustan „frekar selt víðernin, myndi ég segja, af því að við eigum ekki mörg víðerni eftir í Evrópu“.

Þó svo að viðmælendur teldu áhrif virkjana á ferðaþjónustu og útivist yfirleitt vera frekar neikvæð, bentu viðmælendur einnig á nokkur jákvæð atriði. Útivistariðkendur bentu á að virkjanir skapa oft betra aðgengi inn á svæði, eins og einn sem sagði: „Oft koma vegir sem sumir geta verið gagnlegir til að komast inn á svæði sem voru kannski svolítið lokuð. Og oft koma betri fjarskipti og ýmislegt svona sem maður kann að meta.“ Annar í útivist nefndi í því samhengi sérstaklega virkjanir á hálendi Íslands:

Það er ekkert fram hjá því horft að virkjanir og virkjunartengdar framkvæmdir á hálendi Íslands hafa í rauninni gert mönnum auðveldara að stunda útivist. Það eru vegir, það eru stíflur og brýr sem þýðir að maður kemst. Maður hefur nýtt sér þetta á sínum ferðalögum náttúrlega. Þannig að já, það er náttúrlega þetta vandamál sem maður stendur frammi fyrir: Annars vegar þessi ósnortna náttúra og hins vegar þetta, sérstaklega brýrnar sem hafa gert manni svolítið kleift að komast á svæði sem væri mun erfiðara að komast á ella. Þannig að það má segja kost og löst á þessu hvoru tveggja.

Ferðaþjónustuaðilarnir voru margir hverjir sammála því að virkjanir geti aukið aðgengi og þar með opnað nýja áfangastaði fyrir ferðamenn. Jafnframt nefndu margir að augin raforkuframleiðsla væri nauðsynleg til að viðhalda byggð og skapa atvinnutækifæri og töldu sumir að ferðamennska og raforkuframleiðsla færi að því leytinu saman. Einn viðmælandi benti á að „það er engin ferðamennska í dag nema það sé einhver byggð í kringum það og til þess að hafa byggð þá þarf að hafa atvinnu. Það þarf að hafa atvinnu allt árið.“ Hann vísaði í að virkjanir tryggðu þar með rekstraröryggi íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja. Þeir viðmælendur sem studdu frekari virkjunaráform á landinu bentu jafnframt á að „græn“ eða endurnýjanleg orka skapar Íslandi gott orðspor og jákvæða ímynd. Erlendir ferðamenn sem hingað til lands koma eru margir hverjir vanir að rafmagn þeirra sé framleitt með kolum, olíu eða jafnvel kjarnorku, og töldu því margir viðmælendur að ferðamenn væru oft áhugasamir um orkuframleiðslu á Íslandi með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að mati nokkurra viðmælenda höfðu leiðsögumenn þar mikilvægu hlutverki að gegna og gætu sagt frá því hvernig virkjanir á Íslandi nýttu náttúruöflin til að framleiða græna orku og sköpuðu þar með jákvæða ímynd af Íslandi í hugum ferðamanna, frekar en að einblína á þá staðreynd að meirihluti orkunnar sé nýttur í stóriðju.

3.2 Viðhorf til vindorkuvera og vatnsaflsvirkjana

Flestallir viðmælendur töldu neikvæðustu áhrif vindorkuvera felast í sjónrænum áhrifum þeirra og hvernig þau draga úr gildi landslags. Einn viðmælandi orðaði það sem svo að vindmyllur væru „bara risastórar og hvítar, bara eins og endurskinsmerki“ og annar sagði að augun í manni myndu „límast“ við slík mannvirki. Vegna þess voru margir viðmælendur almennt á móti því að reisa vindorkuver á Íslandi, líkt og þessi viðmælandi:

Ef við viljum að íslensk ferðapjónusta haldi áfram að vaxa, sem ég tel að væri gott, þá viljum við ekki vindmyllur á Íslandi. Það er bara svona auðvelt. Við erum falleg eldfjallaeyja, mjög ósnortin, og að umbreyta henni í vindorkugarð ... það er bara hreinlega heimskulegt.

Til viðbótar við sjónmengun var einnig nefnt að vindmyllur gætu haft skaðleg áhrif á fugla og gæfu frá sér hljóð. Aðrir höfðu áhyggjur af því að lýsing frá þeim yrði til ama fyrir þá sem „gera út á myrkrið á veturna“ en í norðurljósaferðum voru ljósin af vindmyllunum sögð „æpa svolítið á mann í þó nokkurri fjarlægð“.

Annar viðmælandi sem var einnig almennt mótfallinn vindorkuverum á Íslandi hafði áhyggjur af því að þeim myndi fjölga fljótt, þegar fyrstu vindmyllurnar væru komnar:

Ef þú setur þær hér, af hverju þá ekki alls staðar? Ég meina, af hverju að byrja á einum stað? Ef þú opnar flóðgátt, þá kemur flóð. Ef þú opnar fyrir tvær kindur, þá koma allar kindurnar. Það er eins með vindmyllurnar. Við skulum bara útiloka vindmyllur fyrir Ísland. [...] Ég vil ekki sjá vindmyllur þegar ég ferðast um Ísland og ég held að erlendu ferðamennirnir komi ekki hingað til að sjá vindmyllur.

Til þess að lágmarka sjónmengun sögðust margir viðmælendur frekar vilja hafa fáa staði með margar vindmyllur frekar en marga staði með fáar vindmyllur, eins og þessi viðmælandi:

Mér finnst að það þurfi að þjappa þessu einhvern veginn meira saman á ákveðna staði frekar heldur en að fara að dúndra þessu upp út um allt. Ég myndi halda að það væri ákjósanlegra fyrir okkur sem ferðamannaland að segja: „Við ætlum að búa til garða hér. Hér verður ‚dedíkatað‘ svæði fyrir svona garða.“

Annar ókostur vindorkuvera, að mati margra ferðapjónustuaðilanna, er að vindmyllur er að finna víða í Evrópu og eru því hluti af hversdagsumhverfi margra þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma. Í ljósi þess að margir erlendir ferðamenn koma hingað til lands til þess að upplifa tilbreytingu frá hversdagsumhverfi sínu, taldi nánast enginn viðmælenda að erlendir ferðamenn myndu hafa áhuga á að skoða vindmyllur á Íslandi. Að mati viðmælenda er því ólíklegt að hægt væri að gera vindorkuver að aðdráttarafli, líkt og hefur verið gert sums staðar með gestastofum vatnsafls- og sérstaklega gufuaflsvirkjana. Auk þess nefndu viðmælendur að umræðan í Evrópu um vindorkuver sé oft á tíðum neikvæð og því líklegt að viðhorf ferðamanna til vindmylla sé lítað af þeirri umræðu.

Þótt meirihluti viðmælenda hafi verið neikvæður gagnvart vindmyllum almennt, voru sumir ferðapjónustuaðilar þó þeirrar skoðunar að vindmyllur myndu ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun erlendra ferðamanna. Þá gæti sú staðreynd að vindmyllur eru útbreiddar í Evrópu leitt til þess að erlendir ferðamenn væru umburðarlyndir gagnvart vindorkuverunum, líkt eins og þessi viðmælandi nefndi:

Eitt sem maður getur sagt um þetta [vindorkuver] er að þetta er græn orka og þetta er eitthvað sem fólk er vant að sjá í sínum heimalöndum, mjög mikið í Evrópu. Þótt það sé kannski ekki fallegt að hafa þetta í bakgarðinum hjá manni, þá er þetta eitthvað sem fólk hefur skilning á, það að við séum að framleiða græna orku og það er hægt að taka þetta niður hvenær sem er, án þess að það sjáist neitt eftir á. Þannig að ég held að það verði engin skemmd á náttúrunni. Reyndar myndi ég segja að þetta myndi ekki hafa áhrif á plön fólks um að ferðast hingað.

Annar viðmælandi sagði að það væri hægt að veita ferðamönnum jákvæða upplifun af vindmyllum og gera þetta „túristavænt ef við bara matreiðum þetta rétt, að vera að vinna orku úr vindinum“.

Í viðtölunum kom fram að í ljósi þess að ekki væri komin nein reynsla á vindorkuver hér á landi væri mikil óvissa um áhrif þeirra á íslenska ferðapjónustu. Einn viðmælandi sagði: „Maður heyrir það í umræðunni að það er mikil andstaða gegn vindmyllum, stórar, það er kannski út af því að við erum hrædd við eitthvað sem við þekkjum ekki en eftir tuttugu ár þykir mönnum þetta kannski bara sjálfsagt.“ Annar taldi að það gæti einnig verið erfitt að bera saman áhrif af vindmyllum á Íslandi við áhrif þeirra erlendis í ljósi þess hvað aðstæður eru ólíkar: „Ég átta mig ekki á því hvernig þetta mun virka í íslensku samhengi þar sem við erum með miklu meira berangur en erlendis.“

Í ljósi langrar reynslu hér á landi af framleiðslu rafmagns í vatnsorkuverum höfðu viðmælendur flestir nokkuð sterkar skoðanir á þeim og nefndu margir bæði kosti og galla við núverandi vatnsaflsvirkjanir. Neikvæðu áhrifin fælust í miklu raski á náttúrunni en kostirnir væru vegagerð sem stundum leiddi jafnvel til þess að nýir áfangastaðir uppgötvast. Greina mátti nokkuð skýran mun á viðhorfum viðmælenda annars vegar til vindorkuvera og hins vegar vatnsaflsvirkjana og voru flestir viðmælendur sammála um að vindmyllur hefðu mun meiri neikvæð sjónræn áhrif en vatnsaflsvirkjanir. Stöðvarhús vatnsaflsvirkjana væru oft byggð inni í fjöllum og lónin birtast mörgum sem náttúruleg vötn, eins og þessi viðmælandi sagði:

Þær [vatnsaflsvirkjanir] hafa ekki áhrif á upplifun af landslaginu, ekki eins og til dæmis vindmyllurnar myndu gera. Ég held að vindmyllurnar hafi meiri áhrif á það af því að þær rísa upp úr jörðinni og maður sér þær langt frá. [...] Lónið lítur náttúrulega út, jafnvel þó að það sé manngert, á meðan vindmyllur eru gervilegar.

Nokkrir viðmælendur bentu einnig á að hönnun vatnsaflsvirkjana væri sífellt að verða betri með tilliti til umhverfisáhrifa þeirra og hægt væri að láta þær falla vel að umhverfinu. Þeir nefndu að það væri ákveðin þversögn fólgin í því að menn væru sífellt að leggja meiri áherslu á að lágmarka

sýnileika vatnsaflsvirkjana þegar á sama tíma væru uppi hugmyndir um að reisa áberandi vindmyllur sem valda mikilli sjónmengun.

Þrátt fyrir mikinn sýnileika vindorkuvera bentu viðmælendur gjarnan á að þau hefðu minna varanlegt rask í för með sér en vatnsaflsvirkjanir þar sem hægt væri að taka vindmyllurnar niður þegar menn vildu. Helsta raskið af vindmyllum væri þar sem steipt er fyrir vindmyllurnar og einn útivistariðkandi sagði til að mynda:

Ég er bara hrifnari af vindmyllum af því að maður getur fjarlægt þær. Ef einhver verður brjáláður þá fjarlægir þú þetta. Þú veist, þá lítur þetta í versta falli út eins og einhver gömul herstöð. Einhverjir nokkrir grunnar hér og þar en ekkert meira en það. En með lónið þá ert þú búinn að drekkja aðeins meira. Það hefur varanlegri áhrif.

Vatnsaflsvirkjanir væru aftur á móti komnar til að vera. Meðal neikvæðustu áhrifa vatnsaflsvirkjana væru áhrif þeirra á rennsli fossa sem eru mikilvægt aðdráttarafl í íslenskri ferðaþjónustu. Einn viðmælandi nefndi dæmi um slíkt og sagðist vera mjög mótfallinn tillögunni um að reisa vatnsaflsvirkjun í Suðurá sem rennur í Skjálfandafljót nokkru norðan við Aldeyjarfoss. Af tvennu illu þá væri vindorkuver skárri kostur en að missa fossa:

Þegar svona fossar eru, hvað á ég að segja, í hættu, þá tek ég vindmyllurnar fram yfir svona virkjanir. Ég verð alveg að segja eins og er. [...] Þetta eru bara svo fallegir fossar og ef það minnkar vatnið í þeim... auðvitað opnast nýir möguleikar, það er ekki það, en mér finnst einhvern veginn of miklu fórn að fyrir rafmagnið í þessu. [...] Ég myndi frekar vilja hafa þá sjónmengun af því að við erum að framleiða rafmagn sem við þurfum á að halda, frekar en að fórna náttúrunni sko. Það er mín upplifun.

Annar viðmælandi taldi vindorkuver betri kost en vatnsaflsvirkjanir þar sem vatnsaflsvirkjanir „sökka landi og allur hamangurinn í kringum það“. Auk þess hafa vatnsaflsvirkjanir einnig sjónræn áhrif, þó að þau séu minni en áhrif vindorkuvera. Þegar vatnsaflsvirkjanirnar á Þjórsár-Tungnársvæðinu bárust í tal sagði einn viðmælandinn til að mynda:

Vindorkuverunum já, það stingur meira í augun finnst mér, en auðvitað eru öll lónsstæði eins og hérna á hálendinu, þetta stingur auðvitað líka í augu. Allar þessar virkjanir og öll þessi lón sem komin eru við þessar virkjanir, sko. Það er náttúrlega búið að gjörbreyta svæðinu. Þú ferð ekkert um þetta svæði eins og það var í gamla daga áður en þetta var allt saman sett í lón.

Einn viðmælandi hafði trú á tækniframförum „þannig að það þurfi ekki að fórna eins miklu fyrir vatnsaflsvirkjanir og hefur verið“. Hann taldi vindorkuver henta vel til rafmagnsframleiðu á meðan, því að hann taldi að þær væri hægt að fjarlægja samhliða auknum tækniframförum í vatnsorkuframleiðslu. Aðrir efuðust hins vegar um að vindmyllur yrðu nokkuð tímann teknar niður ef þær væru á annað borð komnar á svæðið. Einn viðmælandi sagði: „Mér finnst vindorkuver meira neikvætt. Það er miklu sýnilegra og jafnvel þótt þau segi að við getum alltaf tekið það niður aftur, þá held ég að það verði aldrei gert. Ég held að það verði þarna að eilífu.“

Hvort sem viðmælendur voru hlynntari vatnsaflsvirkjunum eða vindorkuverum þá voru þeir sammála um að vanda þyrfti val á staðsetningu og lágmarka bæði sýnileika og áhrif þeirra á náttúruna. Hér á eftir verður farið yfir viðhorf viðmælanda til hvernar virkjunartillögu fyrir sig.

3.3 Viðhorf til einstakra virkjunartillagna

3.3.1 Búrfellslundur

Ferðaþjónustufyrirtæki stunda mjög fjölbreytta starfsemi á svæðinu í nágrenni við fyrirhugaðan Búrfellslund og var meðal annars rætt við viðmælendur sem bjóða upp á skoðunarferðir í rútum eða jeppum, gönguferðir, hjóltreifaferðir, hestaferðir eða gistingu. Nokkuð margir áfanga- eða viðkomustaðir ferðamanna eru í nágrenninu við þetta fyrirhugaða vindorkuver, en í viðtölunum voru Hekla, Gjáin, Stöng, Háifoss, Fjallabak og Landmannalaugar oftast nefnd. Þessir staðir voru einnig sagðir vera vinsælir til þess að stunda ýmsa útivist, t.d. göngu-, hjóla- og jeppaferðir. Einn viðmælandi lýsti svæðinu sem „jeppamannaparadís“ og aðrir sögðu frá fallegum gönguleiðum, t.d. Hellismannaleið. Flestir viðmælanda töldu fyrirhugaða staðsetningu Búrfellslundar óhentuga með tilliti til áhrifa vindorkuversins á ferðaþjónustu og útivist en nokkrir töldu staðsetninguna heppilega í ljósi þess að þar væri nú þegar búið að raska umhverfinu töluvert með uppbyggingu þeirra sex vatnsaflsvirkjana sem eru á svæðinu.

Almennt höfðu viðmælendur áhyggjur af því hvaða áhrif vindorkuverið gæti haft á upplifun ferðamanna og útivistarfólks sem fara um svæðið. Þeir lýstu aðdráttarafl svæðisins sem svo að fólk færi þar um til að upplifa kyrrð og ósnortna náttúru. Margir tóku svo til orða að Búrfellslundur væri á óhentugum stað þar sem þarna væri eiginlega hliðið að hálendinu, líkt og þessi viðmælandi sem sagði: „Búrfellslundurinn er einn af helstu inngöngum inn á hálendi Íslands sem er nú það svæði sem við erum hvað uppteknust af að vernda og er einstakt á heimsvísu.“ Margir viðmælendur litu svo á að vindorkuverið myndi hafa áhrif á ósnortin, mannvirkjalaus svæði og með því að setja upp vindmyllur yrði þeim umbreytt í iðnaðarsvæði. Áhyggjur viðmælanda snerust fyrst og fremst um sjónræn áhrif vindorkuversins. Þar með væri aðdráttarafl svæðisins horfið og upplifun ferðamanna og útivistariðkenda, sem þangað sækja með það að markmiði að vera í óspilltri og kyrrláttri náttúru, yrði þar af leiðandi neikvæð. Vegna þessa lýstu margir viðmælendur yfir andstöðu sinni gagnvart þessari „glæpsamlegu“ virkjunarhugmynd og sögðu það „klikkun að vera að troða þessu upp á hálendi og jaðar hálendisins“. Einn ferðaþjónustuaðila sagði til að mynda að með tilkomu vindorkuvers á þessu svæði, „þá væru töfrar þess sem við erum að selja horfnir. Við erum ekki lengur í ósnortinni náttúru, við erum í manngerðu umhverfi. [...] Þetta myndi rústa upplifuninni fyrir mína viðskiptavinum.“ Annar viðmælandi sem stundar mikla útivist á svæðinu sagði:

Að keyra upp Þjórsárdalinn er inngangurinn er hálendinu og ég fæ alltaf svona fiðring því maður er að koma á autt svæði, ósnortið svæði og svæði þar sem allt getur gerst og það er alltaf svona ævintýralegt tilfinning. [...] Það [vindorkuverið] myndi gjörbreyta upplifuninni og þetta myndi ekki vera sami dularfulli inngangurinn að hálendinu, ósnortna hálendinu þar sem allt getur gerst. Ég fæ alltaf svona spooký tilfinningu þarna. Fyrir mér er þetta þar sem draugar, álfar og útlagar búa og hver veit hvort maður kemst aftur til baka. Þú veist, maður er hræddur. Ég meina þarna eru ævintýri. Og í hvert skipti sem viðvera mannsins er gerð sýnilegri þá dregur það úr þessari upplifun. Það er erfitt að útskýra nákvæmlega hvers konar upplifun það er, en fyrir mér er hún dularfull og hún er áskorun. [...] Með því [vindorkuverinu] yrði ósnortna svæðið, yrði hálendið, miklu minna og maður þyrfti þá að ferðast lengur til þess að fá þessa tilfinningu.

Nokkrir tóku sérstaklega fram að hljóð frá vindmyllum gæti truflað kyrrðina sem er einnig mikilvægur þáttur í aðdráttarafli svæðisins:

Kyrrðin, ósnortna náttúran, að vera í burtu frá öllu sem er manngert og uppgötva það sem er virkilega óspillt. Og ég held, sem er stórt atriði, að hljóðmengunin sé líka mjög áberandi. Þegar maður er þarna er allt svo hljóðlátt, þú getur oft ekki heyrt annað en bara í vindinum. Þannig að hljóðmengunin yrðu svo ótrúlega áberandi fyrir alla þá sem eru að hjóla eða ganga um svæðið og það myndi gjörsamlega eyðileggja upplifunina.

Einn ferðapjónustuaðili benti á að vindmyllurnar yrðu mjög sýnilegar vegna þess hve flatt svæðið er og hve fá önnur sýnileg mannvirki séu á svæðinu:

Vegna þess að þetta er flatt svæði, þú sérð þetta sennilega frá stærra svæði. Við erum að selja þetta sem eitt af afskekktustu svæðum Íslands þar sem þú ferð upp í náttúruna og við erum með fá hús og fá ummerki um siðmenningu, þannig að þetta er alveg örugglega svæði þar sem þú ert að sækjast eftir því að upplifa eyðimörk og að hafa ekkert. Og þá er náttúrulega vindorkuver eitthvað sem passar ekki beint við það. [...] Hérna held ég að fólk kæmi til með að segja „Vá, ég fór upp á hálendið til að upplifa hálendið en svo er vindorkugarður hér.“

Í umræðunni um Búrfellslund lögðu viðmælendur áherslu á að nauðsynlegt væri að vernda ósnortin svæði og þá sérstaklega hálendið gegn frekari virkjunarframkvæmdum. Slík svæði byðu upp á mikilvæga útivistarmöguleika og fælu í sér verðmæti fyrir íslenska ferðapjónustu sem yrðu enn verðmætari í framtíðinni. Markaðssetning Íslands sem áfangastaðar byggðist að stórum hluta á myndum af hálendinu og ímynd þess sem óspilltrar náttúru, eins og þessi viðmælandi nefndi:

Fjöldi fólks sækir í þetta óspillta víðerni, þessa upplifun að vera uppi á hálendi, það má ekki gleyma því. Það er kannski svo og svo stór hluti ferðamanna sem sækir inn á hálendið en ímyndarsköpunin sem það hefur á heimsóknir á aðra staði, að við höfum hálendið. Við notum myndir af hálendinu til að draga fólk á Gullfoss, við notum myndefni frá hálendinu til að draga fólk að Skógum þó svo að það fari ekki inn á hálendið en það er þessi ímynd, þessi brandtenging sem á sér stað.

Annar viðmælandi sagði:

En þeir túristar sem eru með myndavélarnar á lofti, alla daga, í öllum sólskinsveðrunum, alls staðar á leiðinni, og eru að pósta um allan heim. Þetta er markaðssetning sem við ráðum ekkert

við. Þau segja bara að Ísland er æðislegt. Það verður ekki þannig þegar þú ferð að pósta myndum af vindmyllugörðunum og þetta er stærsta, einstaka og fjölmennasta svæðið þar sem erlendir túristar fara á hálendið.

Þannig litu margir viðmælendur á að vindorkuver á þessu svæði myndi eyðileggja eða rýra verulega þá upplifun sem margir ferðamenn á Íslandi eru að sækjast eftir og Ísland sé orðið þekkt fyrir. Þeir yrðu því óánægðir með ferðalag sitt um þetta svæði, jafnvel um landið í heild, og það hefði síðan neikvæð áhrif á ímynd Íslands sem áfangastaðar. Í ljósi þessa væri betra að setja upp vindmyllur þar sem víðerni og lítt spilt náttúra væri ekki helsta aðdráttarflið: „Mín tilfinning er sú að fólk, sko, það kippir sér minna upp við að sjá einhvern svona vindorkugarð í þéttbýli, eins og nálægt Akureyri, heldur en í ósnortnum víðernum uppi á hálendi eða einhvers staðar svoleiðis.“

Minnihluti viðmælenda var hlynntur uppbyggingu Búrfellslundar og taldi staðsetninguna heppilega þar sem þar væri nú þegar búið að reisa margar virkjanir og því væri ekki um ósnortna náttúru að ræða á svæðinu. Einn viðmælandi sagði: „Svæðið er rosalega mannigert nú þegar með vegum, raflinum, stíflum, stöðvarhúsum, hótelum, þú veist, ferðamannarútum, að ég held að það [Búrfellslundur] muni ekki hafa áhrif á hana [upplifun ferðamanna] á neinn hátt.“ Með tilkomu vatnsaflsvirkjana í Þjórsá (t.d. Búrfells I og Búrfells II) væri búið að umbreyta landslaginu í iðnaðarsvæði og litu nokkrir viðmælendur svo á að svæðið væri því ekki áfangastaður ferðamanna heldur frekar „gegnumstreymissvæði með mannvirkjum“. Einn útivistariðkandi sagði:

Af því að það er búið að eyðileggja það [svæðið], þá er engin ástæða að vera að halda eitthvað sérstaklega upp á þetta áfram. Það er búið að drekkja þessu hvort eð er á stóru svæði. [...] Búrfellslundur er náttúrlega við hliðina á Sultartangalóninu sem lítur út eins og eitthvað svona hátæknifangelsi. Þetta er ógeðsleg bygging. Þannig að, þú veist, þetta myndi örugglega bara flikka upp á þetta og fela þetta lón ef eitthvað er.

Viðmælendur voru flestir sammála um að það þyrfti að vernda hálendi Íslands, en hins vegar voru ekki allir þeirrar skoðunar að virkjunarsvæðið í Þjórsá-Tungnaá væri hluti af þeirri heild. Einn sagði: „Þetta er náttúrlega inngangur að hálendinu en ekki hálendið sjálft.“ Hann bætti við:

Þetta er raskað svæði. Þú ert með starfsemi af þessu tagi þarna allt í kring og ef þú ert að hugsa um upplifunina við það að þú farir upp á hálendið sunnan frá að þá held ég að þessar stóru vatnsaflsvirkjanir trufla þá upplifun líka. Þannig að það er búið að trufla hana og hún er bara trufluð aðeins meira og öðruvísi með því að bæta þessu við. Það væri allt annað ef það væri ekki búið að setja neina virkjun á þetta svæði, þá væri ég alveg brjáláður.

Raunverulegir áfangastaðir væru vissulega nálægt en ekki akkúrat þar sem vindorkuverið er fyrirhugað. Því væri tilvalið að nýta svæðið til enn frekari orkuvinnslu, sérstaklega ef þar með væri hægt að koma í veg fyrir að fara inn á önnur svæði, sem enn eru ósnortin, eins og þessi viðmælandi sagði:

Þetta er á svæði þar sem er að vísu ekki vindmyllugarður, en það eru lón. Þetta svæði er virkjanasvæði og mér finnst það skynsamlegra að halda sér bara við það að hafa virkjanasvæði þarna heldur en að fara setja þetta [vindmyllur] einhvers staðar annars staðar og þá nýtt virkjanasvæði.

Að hafa vindorku- og vatnsaflsvirkjun á sama svæði myndi einnig gefa tækifæri á að samnýta þær og auka vatnsmagn í mikilvægum fossum, eins og einn viðmælandi sagði:

Staðreyndin er sú að vindmyllurnar og stíflurnar og vatnsorkuverin vinna svo fallega saman, og þegar vindmyllurnar eru að framleiða á fullum krafti, þá er hægt að geyma vatn við stíflurnar. Þá þarf ekki að safna saman eins miklu vatni sem þýðir meira vatn í ánum. Það eru fallegir fossar í Þjórsá, Tröllkonuhlaup og Þjófafoss. Í síðustu viku þá voru þeir þurrir, báðir tveir.

Sami viðmælandi sagðist styðja tillöguna um Búrfellslund því að allir innviðirnir, þar með talið raflínurnar væru nú þegar til staðar. Hann bætti við að viðbrögð viðskiptavina hans við rannsóknarmyllunum tveimur og framleiðslu á „grænni orku“ hefðu að mestu leyti verið jákvæð:

Sérstaklega þegar ég gef þeim mína sýn á þetta, af því að ég útskýri að við séum einfaldlega að nýta svæði sem nú þegar er búið að umbreyta með virkjunum og eins og ég nefndi áðan, við erum með allt til staðar þarna. Raforkukerfið er til staðar þarna og þetta svæði er rosalega manngert svæði, þannig að við skulum endilega fara í þetta [Búrfellslund].

Þeir sem aftur á móti voru andvígir því að reisa vindorkuverið vildu þó meina að það væri mikill munur á áhrifum vindmyllanna og þeirra vatnsaflsvirkjana sem nú eru á svæðinu. Vindmyllur væru mjög áberandi í landslaginu, hvítar með dökkan bakgrunn á sumrin, næðu hátt upp til himins og væru þar af leiðandi sýnilegar frá mun stærra svæði. Auk þess fylgdu þeim hljóð og ljós, sem gerði þær meira áberandi en lón og stíflur. Einn viðmælandi sagði t.d. að ekki ætti að reisa vindmyllur á svæðinu því að „vindmyllugarður er eitthvað alveg nýtt og annað. Það er bara allt annað en vatnsaflsvirkjun. Vatnsaflsvirkjunin hefur áhrif á vatnsfarvegi og þess háttar og stöðuvötn en þetta er upp í lofti og þetta rífur sjónhringinn. Þetta eru allt önnur umhverfisáhrif.“ Einn viðmælandi sagði að rannsóknarvindmyllurnar tvær væru mjög áberandi þegar komið er upp á hálendisbrúnina fyrir ofan Búrfell og hann væri því móttfallinn að fá fleiri og stærri vindmyllur á svæðið:

Maður kemur þarna upp og það er náttúrlega víðerni og svo allt í einu eitthvað snjóhvítt drasl, þarna, þvílíkt hátt, mér fannst þetta ekki passa þarna. [...] Ef maður lítur vel í kringum sig að þá er fullt af drasli þarna tengt þessum virkjunum og öllu, en þetta [rannsóknarvindmyllurnar] var einhvern veginn allt öðruvísi.

Annar viðmælandi tók svipað til orða:

Þannig að maður tekur svona aðeins öræfastemninguna af, þetta verður svo áberandi og líka af því að munurinn á vindmyllu og einhverri svona klossalegri byggingu sem stendur svona hálf út úr einhverju fjalli er að vindmyllan hreyfist og grípur augað á þann hátt svolítið. [...] Það gulltryggir það að þetta svæði þarna í upplifun fólks er ekki hálendisvæði. Það undirstrikar að þetta svæði er undir algjörum áhrifum mannsins.

Útivistarfólk hafði sérstaklega áhyggjur af áhrifum vindorkuversins á útsýni af og á Heklu og Áfangagil sem væru áfangastaðir þar sem fólk yrði að engu leyti, eða mjög litlu leyti, vart við virkjunarmannvirki, eins og staðan er í dag. Áfangagil var sagður vera staður þar sem manni fyndist maður „aðeins meira í friði og þú upplifir meira svona að þú sért í náttúrunni“, samanborið við t.d. Landmannalaugar sem eru mjög fjölsóttur ferðamannastaður. Hekla var sögð vera „enn nothæf í útivist og náttúrunautn“, þó að það væri búið að raska svæðum í kringum hana. En þar sem vindmyllurnar yrðu sýnilegri en vatnsaflsvirkjanirnar hefði það áhrif á bæði Heklu og Áfangagil, og drægi úr aðdráttarafla þeirra til útivistar. Sumir lögðu því til að auka frekar orkuframleiðslu vatnsorkuveranna en að umbreyta landslaginu með vindmyllum.

Önnur rök sem viðmælendur nefndu gegn Búrfellslundi var að hér væri um að ræða mjög fjölsótt svæði. Bent var á að í nágrenni Búrfellslundar væru margir vinsælir ferðamannastaðir, auk þess sem hann lægi við afar fjölfarna leið ferðamanna inn á suðurhluta hálendisins eins og t.d. í Landmannalaugar, um Sprengisandsleið og í Veiðivötn. Einn viðmælandi sagði t.d.: „Ég myndi segja að þetta sé náttúrlega einn vinsælasti staðurinn á landinu, þú náttúrlega tengir þetta Landmannalaugum og Þjórsá. Þannig að ég myndi segja að þetta sé versti staðurinn, klárlega. Út af fjölda ferðamanna, sko.“ Á slíku svæði yrðu svo margir fyrir áhrifum af virkjuninni og því væri betra að staðsetja vindmyllur á svæðum sem fáir heimsækja.

Nokkrir viðmælendur höfðu einnig áhyggjur af því að vindmyllum myndi fljótt fjölga:

Ef við erum með 30 vindmyllur, þá er ekki svo slæmt að vera með 35 og þegar eru komnar 35, af hverju getum við ekki verið með 40, og svo koll af kolli. Þannig að ég tel best að stoppa þetta bara strax af.

Hvort sem viðmælendur töldu Búrfellslund hafa jákvæð, neikvæð eða engin áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu, voru þó flestir ferðaþjónustuaðilar sammála um að ferðamenn myndu ávallt spyrja út í vindmyllurnar. Þeir sem voru andvígir virkjunartillögunni sögðu að þeir myndu þurfa að leggja mikla vinnu í að útskýra staðsetningu vindmyllanna fyrir viðskiptavinum sínum og óvíst hvort tækist að setta ferðamenn við veru þeirra þarna. Nauðsynlegt væri þá að segja rétta „sögu“ og draga fram jákvæðar hliðar endurnýjanlegra orkugjafa til þess að hafa áhrif á upplifun gesta af svæðinu og halda skaðanum í lágmarki. Aðrir töldu það ekki jafn erfitt að sannfæra ferðamenn um jákvæðar hliðar virkjunarinnar:

Ég get alveg ímyndað mér að það væri betra ef það væru engar vindmyllur en ef það er búið að fræða fólk um stóra samhengið í þessu öllu, til hvers og fyrir hvern og af hverju, þá held ég að þetta sé allt í lagi, en það kemur enginn til Íslands frá Hollandi til að horfa á vindmyllu. Þeir eru að koma að skoða íslenska náttúru, ég geri mér alveg grein fyrir því. En í stóra samhenginu, eftir því sem við fáum meira lesið fólk og meira menntað fólk, þá á fólk að hafa meiri skilning á til dæmis þessu, ef það hefur fengið réttar upplýsingar.

3.3.2 Vindheimavirkjun

Vindheimavirkjun er fyrirhuguð í Hörgárdal, rétt við Þjóðveg 1, skammt frá Akureyri. Allir viðmælendur voru sammála um að ferðamenn á svæðinu væru gríðarlega margir vegna nálægðar við hringveginn. Rætt var við nokkra ferðaþjónustuaðila sem hafa farið með ferðamenn í klifur- eða gönguferðir um svæðið, flesta við Hraun í Öxnadal. Þeir sem höfðu stundað útivist á svæðinu höfðu fyrst og fremst farið um svæðið gangandi eða á skíðum og meðal annars nefndu þeir Hraun, Kaldbak, Stórahnjúk, Vindheimajökul, Kvarnárhnjúk, Strýtu, Dýjafjallshnjúk og Krossastaðaheiði. Einnig var minnst á gönguleiðir úr Skíðadal og Hjaltadal yfir í Hörgárdal og á Þorvaldsdalsskokkið, sem er vinsælt utanvegahlaup og hefst við bæinn Fornhaga í Hörgárdal og liggur leiðin um 25 km í norður eftir Þorvaldsdal.

Þau svæði sem eru hins vegar mest nýtt af ferðamönnum og útivistariðkendum, t.d. Akureyri, Súgur og Hauganes, voru sögð vera utan þess svæðis þar sem vindmyllurnar sæjust. Sumir viðmælendur töldu vindorkuver í Hörgárdal því ágætis staðsetningu samanborið við staði sem hafa mikið aðdráttarafl:

Ég held mér finnst þetta fínt. Það er ekkert hérna. Ef maður sér þetta ekki frá Akureyri, ef maður sér þetta ekki frá Hauganesi og Árskógssandi, ef maður sér þetta ekki þar. Maður sér þetta bara sem litla punkta ef maður fer í hvalaskoðun eða eitthvað þannig. Ég held ekki að þetta komi til með að hafa áhrif, þetta er bara svæði sem fólk fer í gegnum. [...] Ég meina auðvitað finnst mér þetta ljótt en ég myndi frekar velja stað þar sem er í raun ekkert, stað sem fólk keyrir bara í gegnum frekar en stað með stórkostlega náttúru.

Nokkrir ferðaþjónustuaðilar bentu á að þarna væru engir „seglar“, áhugaverðir staðir eða aðdráttarafl sem fengju ferðamenn til þess að staldra við. Einn viðmælandi sagði: „Já, þetta er í rauninni ekki fyrir neinn nema þá sem fara í sund, svona akkúrat þetta svæði“, og vindmyllurnar myndu ekki vera sýnilegar frá sundlauginni í Þelamörk. Svæðið væri fyrst og fremst „gegnumstreymissvæði“ fyrir ferðamenn á leiðinni til og frá Akureyri:

Þetta er óspennandi svæði. Það er enginn að sækja [neitt] akkúrat þarna, rétt áður en þú kemur að Akureyri. Þú ert ekki að sækja óspillta náttúru. Þú ert bara á leiðinni eitthvert og þú ert bara rétt ókominn og þetta gæti bara orðið svona ‚signpost‘ [merki] um það að núna er korter eftir, eða eitthvað svoléiðis.

Margir útivistariðkendur voru sammála og sögðu útivistariðkendur fyrst og fremst fara á önnur svæði sem væru nálægt. Til að mynda sagði einn viðmælandinn um fyrirhugað virkjunarsvæði: „Þetta er ekkert úrvalsskiðasvæði og ef þú vilt skíða eitthvað flott þá ferð þú alltaf á raunverulega Tröllaskagann.“ Engar skilgreindar skíðaleiðir eru á virkjunarsvæðinu. Eitthvað er um fólk nýti skíðalyftuna í Hlíðarfjalli til að fara upp og skíða niður utan brautar þar sem

Vindheimavirkjun er fyrirhuguð, en fæstir myndu þá láta vindmyllurnar trufla sig þar sem þeir gera ráð fyrir mannvirkjum á leiðunum:

Ef þú ert að skíða utan brautar þá ertu alltaf að hafa í huga að það er þitt mál að sneiða hjá mannvirkjum, skilur þú? Þú ert ekki inni á skipulagðri skíðaleið þannig að það er á þinni ábyrgð að sneiða hjá öllum hindrunum.

Útivistariðkendur töldu Vindheimavirkjun heldur ekki koma til með að hafa áhrif á Þorvaldsdalsskokkið því að vindorkuverið myndi blasa við hlaupurunum í upphafi hlaupsins en þar sem hlaupið er í norður myndu þeir snúa baki í vindmyllurnar strax frá upphafi hlaupsins. Vindmyllurnar myndu aðeins blasa við þeim sem aftur á móti koma suður Þorvaldsdalinn. Nokkrir viðmælendur töldu að útivistariðkendur myndu líklegast ekki láta vindmyllurnar trufla sig því að „þetta er ekkert öðruvísi en að horfa niður á bæinn í dalnum“.

Almennt sögðu útivistariðkendur svæðið við Vindheimavirkjun ekki mikið nýtt til útivistar, fyrst og fremst vegna þess að útivistarfolk forðaðist að vera nálægt mannvirkjum og mikilli umferð, sérstaklega hringveginum. Í Hörgárdal væru, auk hringvegarins, einnig byggð, raflínur og náma og því töldu þeir að hér væri ekki um ósnortna náttúru að ræða. Einn sagði: „Þarna er mikið af manngerðum hlutum allt í kring þannig að vindmylla sem slík fellur betur að því umhverfi sem er þar í kring“. Nokkrir viðmælendur töldu að svæðið væri „iðnaðarsvæði“ frekar en óspillt náttúra og vindorkuver myndi þar af leiðandi ekki fæla ferðamenn frá svæðinu eða umbreyta upplifun þeirra. Einn viðmælandi sagði:

Við erum í byggð. Hér eru hús, hér eru vegir og hér eru raflínur og súrheysturnar og girðingar og skurðir og slegin tún og bleikir akrar og ég hef alltaf átt erfitt með, einhvern veginn, að segja, þegar við erum innan um allt þetta, að þá ætlum við að láta einhver svona smá mannvirki fara aukalega í taugarnar á okkur. Af hverju er vindmylla þarna ljótari en þessi bóndabær, þar sem eru sjötiu bílhræ í kringum og guð má vita hvað. Bara annað hefur alltaf verið þarna. Við erum ekki í óspilltri náttúru. Ég mun enn þá keyra hringvegin ef þú ert að velta því fyrir þér. Ég mun ekki fara hina leiðina til Akureyrar til þess að þurfa ekki að horfa upp á þetta. Þannig að ég er alltaf að hugsa þetta svolítið í þessu að við erum bara þegar í spjölludu landi og bara um að gera að halda okkur í spjallaða landinu.

Einn viðmælandi bar saman Vindheimavirkjun við Búrfellslund og sagði: „Ef það truflar ekki hljóðmengun á þá íbúa sem búa nálægt, þá vil ég frekar hafa þetta á láglendi en á ósnortnu hálendinu.“

Staðsetning Vindheimavirkjunar var einnig talin heppilegri en staðsetning annarra vindorkuvera í þessari rannsókn með tilliti til sýnileika. Vindmyllurnar yrðu „lokaðar inni af fjöllum“ og sæjust því ekki langt að. Annar kostur þessarar hugmyndar var talin vera nálægðin við Akureyri. Nálægð við þéttbýli drægi annars vegar úr gildi svæðisins sem ósnortins náttúrusvæðis en kæmi einnig í veg fyrir langar flutningslínur vegna þess að orkan yrði nýtt þar sem hún er framleidd.

Jafnframt taldi einn viðmælandi að flestir ferðamenn myndi bara hugsa „Aa, ókei, þetta er bara að framleiða orku fyrir Akureyri“ og að þeir hefðu þar af leiðandi meiri skilning á þessari virkjun en virkjun sem er langt frá byggð. Nokkrir viðmælendur nefndu einnig að raforkuskortur væri á Norðurlandi og því gæti Vindheimavirkjun haft töluverð jákvæð áhrif á byggðir og þar með ferðaþjónustu. Einn þeirra sagði til að mynda:

Ég vil bara trúa því að hreinleiki okkar, í landinu, í vindinum, í vatninu, sé bara eitthvað sem heldur okkur í umræðunni. [...] Ef svæði styrkjast, þá styrkist ferðaþjónustan líka. Ef þau síga niður þá bara sígur ferðaþjónustan líka niður af því að hún er ekki heilsársatvinnugrein. Við eigum ekkert marga kosti í þessu, sko. Ef ferðaþjónustan væri öflug allt árið hér [á Norðurlandi] eða úti á landi, nú þá gæti bara verið svona rembingur í okkur og við sagt að við þyrftum ekki neitt annað en meðan við erum að framkvæma eitthvað sem styrkir svæðið og gefur jákvæða ímynd þá eigum við að gera það.

Annar viðmælandi á Norðurlandi tók í sama streng og sagði að Eyjafjörður væri „orkusvelt svæði, við erum algjörlega stopp í atvinnuuppbyggingu“ og „þetta svæði getur ekki boðið upp á nein atvinnutækifæri ef þau þurfa meiri raforku en bara pylsuvagn, sko“. Hann bætti við og sagði: „Þess vegna vil ég bara meiri virkjanir, meiri vatnsaflsorku, hvað sem er“, en það myndi skila sér í auknum tækifærum fyrir byggðina og ferðaþjónustuna. Annar viðmælandi á Norðurlandi vonaðist til þess að Vindheimavirkjun myndi lækka raforkuverð og þar með kostnaðinn sem fyrirtækið hans og önnur ferðaþjónustufyrirtæki þurfa að greiða ár hvert til að halda starfsemi sinni gangandi.

Þótt viðmælandur nefndu ýmsa kosti þess að reisa vindorkuver í Hörgárdal voru fleiri þeirrar skoðunar að staðsetningin væri óhentug með tilliti til áhrifa á ferðamennsku. Helsta ástæðan fyrir því var að hringvegurinn liggur fram hjá fyrirhuguðu virkjunarsvæði og mjög stór hluti ferðamanna sem aka um landið myndu því fara þarna fram hjá: „Þetta er mjög sýnilegt frá þjóðvegi 1, þar sem náttúrlega rjóminn af allri svona, hvað kallar maður þetta, bílaleiguferðamennsku fer fram.“ Betra væri að staðsetja vindorkuver þar sem sýnileikinn hefði ekki áhrif á svona marga ferðamenn.

Þeir sem töldu staðsetningu Vindheimavirkjunar óaskilega voru einnig þeirrar skoðunar að landslagið hefði aðdráttarafl fyrir ferðamenn og útivistarfólk, sem myndi spillast með virkjunarframkvæmdum. Einn viðmælandi taldi aðdráttarafl svæðisins vera það að þar væri enginn iðnaður og því væri auðvelt fyrir ferðamenn að fá tilfinninguna að vera „ótengdur nútímalífinu“. Annar taldi sérstöðu svæðisins felast í rómantísku yfirbragði landbúnaðarlands sem jafnframt væri umvafið hrikalegum fjöllum. Viðkomandi taldi landbúnaðarlandslagið „lágstemmt og sjarmerandi bara út af fyrir sig“ og því væri „hræðilegt að fá svona stórar vindmyllur þarna inn“ sem myndu hafa áhrif á upplifun ferðamanna af íslensku landbúnaðarlandslagi. Aðspurður hvað honum fyndist um Vindheimavirkjun sagði hann:

Þetta er bara svo ljótt, þetta stingur svo í augað. Fólk upplifir þetta allt svo sætt allt núna. Byggðina, skilurðu? Og svo náttúrlega eru fjöllin hrikaleg og þetta er allt svolítið svona flott samsetning. Þú ert með krúttlega bóndabæi og síðan ertu með þessi svolítið hrikalegu fjöll. Fólk er að sækjast eftir svona einhvers konar heimskauta-, alpastemningu, þar sem þeim finnst svo stórkostlegt að vera á skíðum í svona fjöllum og sjá sjóinn í leiðinni. Það er eitt af því sem fólk upplifir sem mjög sterka upplifun.

Nokkrir viðmælendur bentu á að fyrirhugað virkjunarsvæði væri í „kjarna þar sem verið er að stunda mjög mikla ferðamennsku akkúrat núna“ og vísaði hann þar með í uppgang ferðaþjónustu sem tengdist fjalla- og þýrluskíðum á Tröllaskaga. Höfðu því sumir áhyggjur af áhrifum Vindheimavirkjunar á skíðamennsku á svæðinu:

Þetta er náttúrlega fjallaskíðasvæði. Sem slíkt er það bæði fyrir Íslendinga sem kannski kannast við að hafa tekið fjallaskíðin með miklum látum síðustu árin og fyrir útlendinga. Það er náttúrlega mjög mikið af erlendum ferðamönnum að koma á fjallaskíði á Tröllaskaganum svona á venjulegu ári og gerir það að verkum að þetta svæði er að fá tvö stór síson í ferðamenskunni og þarna eru alls konar aðilar að gera út á skíðamenskuna.

Sumir ferðaþjónustuaðilar óttuðust því að þótt það væru ekki margir sem skíða akkúrat þar sem vindorkuverið er fyrirhugað að þá gæti Vindheimavirkjun dregið úr áhuga ferðamanna á að skíða á Tröllaskaga. Tveir viðmælendur minntust einnig á að Hörgárdalur henti vel fyrir norðurljósaferðir frá Akureyri því að þarna væri fólk komið úr ljósmenguninni. Með tilkomu vindorkuvers á svæðinu yrði ekki lengur hægt að fara í slíkar ferðir þangað.

Vindheimavirkjun var einnig talin geta haft neikvæð áhrif á gönguferðir fólks um svæðið. Þá gætu gönguleiðir nálægt virkjunarsvæðinu orðið ófærar og einn viðmælandi sem hefur farið með fólk í gönguferðir um svæðið sagði til dæmis: „Þetta er náttúrlega á útivistarsvæði, hvað má fara nálægt þessu [vindmyllunum] til dæmis? Burt séð frá hávaðanum, hvað má fara nálægt?“ Einn viðmælandi lýsti aðdráttaraflí svæðisins til útivistar svo: „Þetta er svona óvenju stórskorin náttúra, þetta eru svo brattir dalir og svona há fjöll þannig að mér finnst þetta kannski frekar mikið inngríp í það.“ Sjálfur hafði viðkomandi reynslu af því að fara úr Skíðadal eða Hjaltadal yfir í Hörgárdal og hafði hann áhyggjur af því að vindmyllurnar myndu sjást þegar komið er niður í Hörgárdal:

Þegar þú kemur niður í þessum dölum, þá æpir þetta svolítið á þig. Þú heldur einhvern veginn þessari fjallasalatilfinningu ekki eins lengi. Ég veit ekki alveg hvernig á að lýsa þessari tilfinningu, þetta er eitthvað sem myndi fylgja mér úr þessum dölum svona niður á veg, niður á fyrsta bæ sem ég kem niður á. En þarna er búið að slökkva á þessari tilfinningu aðeins fyrri í ferðinni ef ég er að koma úr Skíðadal eða ef ég er að koma úr Hjaltadal og yfir í Hörgárdal.

Til þess að koma í veg fyrir að sjá vindmyllurnar væri hægt að ganga úr Hörgárdal með vindmyllurnar að baki, en viðmælandinn bætti við að „maður vill ekki gefa sér það að þessi leið sé ófær aðra leiðina“.

Annað útivistarsvæði sem sérstaklega var minnst á er Hraun í Öxnadal þó svo að vindorkuverið yrði ekki mjög sýnilegt þaðan. Þar er vinsælt að klifra og ganga og einn af viðmælendunum sem hefur farið með ferðamenn í gönguferðir um svæðið sagði:

Þetta er eitt af þessum svæðum þar sem þú ert ekki með margt fólk og það verður aldrei margt fólk þarna og þess vegna er þetta svæði til að komast í burtu. Þetta er bara gönguferð í fallegu umhverfi og enginn mannfjöldi. Þetta er upplifunin, þú ert basically við hliðina á þjóðveginum en þú ert í burtu frá öllu og þetta er bara svo flott og fallegt. Og ég get ímyndað mér að vindmyllugarður myndi eyðileggja þetta. [...] Ef við erum allt í einu með uppbyggingu þarna [Vindheimavirkjun], þá munum við færa okkur annað. Og þannig er þetta leikur sem er alltaf að breytast. Núna eru margir staðir og það er auðvelt að forðast þetta, en með meiri og meiri uppbyggingu verður það alltaf erfiðara og erfiðara. Og hvar þetta endar síðan vitum við ekki.

Ferðafjónustuaðilar sögðu Hraun í Öxnadal vera skemmtilegan viðkomustað fyrir breiðan markhóp ferðamanna: „Þetta svæði í Öxnadal er mjög mikill ferðamannastaður og það er eitthvað svona gamaldags rómantískt viðhorf sem menn hafa til Hrauns. Þetta er ídyllískt.“ Þar væri gaman að fræða ferðamenn um sögðu staðarins og njóta nestis.

Almennt studdu því fæstir tillöguna heils hugar því að henni fylgdi vissulega ákveðinn fórnarkostnaður sem væri fyrst og fremst fölginn í sjónrænum áhrifum. Líkt og með Búrfellslund tóku ferðafjónustuaðilar fram að ef til framkvæmda kæmi væri nauðsynlegt að geta útskýrt fyrir ferðamönnum af hverju hafi verið ráðist í þær. Einn viðmælandi á Norðurlandi sagði:

Þetta [Vindheimavirkjun] myndi hafa áhrif að einhverju leyti, það er búið að snerta náttúruna einhvern veginn, það hefur allt áhrif hvernig fólk sér landið og annað. En ef þetta væri gert þá þyrfti, allavega fyrir okkur, að passa að afla okkur nægra upplýsinga um hvað þetta er og af hverju og geta þá allavega upplýst fólk um það af hverju þetta er svona og af hverju þetta var gert.

Nauðsynlegt væri að draga fram jákvæðu áhrifin sem græn orka getur haft til þess að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem virkjunin myndi hafa á upplifun erlendra ferðamanna og sýn þeirra á Ísland.

3.3.3 Sólheimar

Margir viðmælendur höfðu þá skoðun að á svæðinu í kringum fyrirhugað vindorkuver við Sólheima í Laxárdal í Dalabyggð væri lítið sem ekkert fyrir ferðamenn að sækjast í og þeir tengdu svæðið fyrst og fremst við veginn yfir Laxárdalsheiðina. Til að mynda sagði einn viðmælandi þetta vera svæði „sem er almennt þekkt meðal okkar, leiðsögumanna, sem svæðið þar sem við látum hópinn sofa“ vegna þess hve fábreytt landslagið þar sé. Annar viðmælandi talaði á svipuðum nótum: „Það er ekkert áhugavert að sjá þarna fyrir ferðamenn. [...] Hér stoppar maður ekki. Það er ekkert hér og ég held að enginn komi til með að eyða peningi í að byggja hér eitthvað upp.“ Almennt var svæðinu lýst sem fáförnu og fjarri byggð, með aðeins nokkrum bóndabæjum.

Eins sögðu útivistariðkendur að svæðið væri ekki mikið útivistarsvæði. Tveir viðmælendur lýstu leið yfir í Bitrufjörð sem vindmyllurnar myndu sjást á og annar taldi svæðið henta vel til þess að veiða rjúpur en flestir sögðust þó ekki þekkja til þess að stunduð sé útivist á virkjunarsvæðinu. Sennilega stunduðu heimamenn þar einhverja útivist en allir voru sammála um að þarna væru í það minnsta engar vinsælar og fjölfarnar leiðir.

Einhverjir lögðust á móti virkjunartillögunni vegna þess að hér yrði virkjun reist á svæði þar sem slík mannvirki er ekki að finna í dag og því yrði landslaginu umbreytt í iðnaðarsvæði. Jafnvel þótt svæðið væri ekki mikið útivistarsvæði vildu þeir ekki útiloka að náttúran á svæðinu, sem væri að stórum hluta til ósnert, gæti orðið aðdráttarafl fyrir ýmsa útivistariðkendur og því væri brýnt að standa vörð um hana. Nokkrir ferðapjónustuaðilar töldu að vindmyllur á þessu svæði hefðu neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna, sem væru síður en svo að sækjast eftir að sjá vindmyllur á Íslandi. Einn viðmælandi sá einnig nokkuð marga möguleika fyrir uppbyggingu ferðapjónustu í Dölunum og fylgdist spenntur með vinnunni sem hefði farið í gang til þess í Búðardal. Hann taldi styrkleika svæðisins einmitt liggja í því að það væri ekki fjölsótt og bætti við: „Það eru möguleikar á að fá fleira fólk hingað, líka það fólk sem vill fara út fyrir alfaraleið og vera á afskekktum svæðum og þetta svæði er fallegt og það er enn þá svona smá óuppgötvað.“ Að hans mati myndu framtíðarmöguleikar ferðapjónustunnar á svæðinu skerðast með tilkomu vindorkuvers við Sólheima en einnig í Garpsdal. Annar ókostur við virkjunartillöguna sem viðmælendur nefndu var fjöldi vindmyllanna og stærð svæðisins þar sem þær yrðu sýnilegar. Meðal annars var talið neikvætt að vindmyllurnar myndu sjást frá hringveginum, sem þýðir að mikill fjöldi fólks myndi verða var við þær.

Margir viðmælenda litu á Sólheima sem skástu tillöguna af þeim fimm vindorkuverum sem rætt var um í þessari rannsókn, þá sérstaklega vegna þess að svæðið er ekki fjölsótt af ferðamönnum og útivistariðkendum og hafi ekki mikið aðdráttarafl. Einn viðmælandi sagði: „Mér finnst bara allt í lagi að nýta [staði] þar sem eru engar náttúruperlur eða ekki neitt og er bara komið aðeins upp fyrir mannabústaði.“ Annar viðmælandi sagði: „Laxárdalsheiðin, án þess að vera hrokafull, það er ekkert stórfenglegt akkúrat á þessari leið þannig að ég held að mér fyndist hún bara vera í finu lagi.“ Einn útivistariðkandi sem hafði farið gönguferð frá Ljárskógum yfir í Bitrufjörð sagði að jafnvel þó að hann stundaði útivist á svæðinu myndu vindmyllur ekki trufla hann á þessum stað því að „maður er einhvern veginn minna að dást að útsýninu. Þú ert bara þarna. Það er ekkert mikið að sjá, ekki þannig. Það er enginn. Þetta er ekki stórbrotið svæði.“ Hvatinn við að fara þessa leið lægi í því að það væri „áskorun að fara svona langar leiðir og fara leiðir sem eru fáfarnar“ frekar en að njóta landslagsins. Einn viðmælandi sem var almennt á móti uppbyggingu á vindorkuverum á

Íslandi, taldi Sólheima skásta kostinn sem gæti jafnvel haft jákvæð áhrif á byggð í Húnavatnssýslunum:

Ég hef alltaf horft á Húnavatnssýslurnar sem illskásta kost í nýtingu vindorku, ég hef alltaf ímyndað mér það. Það er bara þannig að þetta er frekar fábreytt landslag, ekki mjög áhugavert, þarna eru veikir innviðir. Þarna veitir mönnum ekkert af fjárfestingu og uppbyggingu og veglagningu og svo framvegis

Nokkrir aðrir viðmælendur nefndu að vindorkuverið gæti haft í för með sér aukið raforkuöryggi á svæðinu og að vegir yrðu lagðir eða bættir, sem aftur á móti myndi styrkja ferðaþjónustuna á svæðinu og gæti jafnvel bætt aðgengi fyrir útivistarfólk. Auk þess væru nú þegar önnur mannvirki á svæðinu, t.d. vegir og hús, og því væri ekki verið að raska ósnortinni náttúru, ef til þess kæmi að byggja virkjun þar. Annar bar tillögurnar að öllum vindorkuverunum saman og sagði:

Auðvitað þurfum við staði til að hafa hluti eins og vindmyllugarð eða virkjanir þannig að það getur ekki verið þannig að hver einasti dalur og hvert einasta fjall sé of mikilvægt að við byggjum þar. Þannig að út frá því myndi ég segja að þetta svæði [Sólheimar] væri ágætt.

Þótt Sólheimar væru taldir vera ákjósanlegasta staðsetningin fyrir vindorkuver, sáu hins vegar fæstir viðmælendur mikinn ávinning í því að byggja vindorkuverið, hvorki fyrir byggð, útivist né ferðaþjónustu. Ein af ástæðunum fyrir því er að fáir töldu þörf á því að reisa vindorkuver á Íslandi. Þegar viðmælendur mátu tillöguna út af fyrir sig voru því margir ekki hrifnir af henni, en í samanburði við aðrar tillögur sögðust þeir geta stutt uppbyggingu Sólheima, ef þar með yrði hægt að koma í veg fyrir framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum og útivistarsvæðum með mikið aðdráttarafl og/eða ósnortna náttúru. Einn viðmælandi, sem var mjög andvígur því að reisa Búrfellslund sagði áhrif Sólheima á íslenska ferðaþjónustu vera smávægileg í samanburði við Búrfellslund:

Þetta mun ekki hafa veruleg áhrif á upplifun eða tilfinningu eða branding eða markaðsmál eða sölumál ferðaþjónustunnar. Þetta mun ekki hafa veruleg áhrif á það sem við erum að reyna að draga fram í ferðaþjónustunni yfirleitt. Þetta mun ekki hafa veruleg áhrif á það sem við erum að spila með og selja erlendis. Þetta mun ekki hafa áhrif til að rýra trúverðugleika okkar að miklum hætti. Þetta mun ekki hafa áhrif. Þú ert að keyra þennan spöl þarna á þjóðveginum, ókei, það kemur bara frábært tækifæri fyrir gædinn eða eitthvað að segja jákvæða sögu af jákvæðri nýtingu náttúruauðlinda og svo framvegis. Þarna myndi maður bara draga sterkt fram kosti þess. Þarna ertu ekki, að mér finnst, að spilla neinu sem hefur verulegan styrk eða kosti í för með sér af hinum þáttunum sem við erum að horfa á, afþreyingarþjónustu, upplifun, ferðaþjónustuna, fjárhagslegir hagsmunir sem eru svo mikilvægir fyrir okkur.

3.3.4 Vindorkugarður í Garpsdal

Viðhorf ferðaðþjónustuaðilana til vindorkugarðsins í Garpsdal við Gilsfjörð voru að mörgu leyti mjög svipuð og til Sólheima. Margir sáu ekki mikið aðdráttarafl á eða í kringum fyrirhugað virkjunarsvæði í Garpsdal, líkt og þegar rætt var um Sólheima. Einn viðmælandi sagði:

Það er bara ekki mikið af áhugaverðri náttúru né kannski áhugaverðum seglum. Þarna hefur ekki tekist að búa til segla í ferðaðþjónustu sem eru mjög áhugaverðir og það mun verða mjög erfitt alltaf. Bæði liggur þetta ekki inni í hringveginum eða við mjög vinsæla staði.

Aðrir voru á sama máli og sögðu Gilsfjörð ekki vera í alfaraleið. Þarna færu fáir ferðamenn og þeir sem keyrðu um þetta svæði dveldu þar ekki eða stoppuðu, heldur væru þeir einna helst á leiðinni til eða frá Vestfjörðum. Nokkrir settu því vindorkugarðinn í Garpsdal og Sólheima á sama pall, eins og þessi viðmælandi: „Þetta er basically það sama á þessum stöðum. Þú ert með þyrpingar og þannig. Þetta er ræktað land, engin víðerni, þannig að þetta truflar mig ekki.“ Í samanburði við aðrar virkjunartillögur þar sem röskun yrði á ósnortnum náttúrusvæðum og fjölsóttum ferðamannastöðum þótti því vindorkuver í Garpsdal vera betri tillaga, sérstaklega ef virkjunin hefði jákvæð áhrif á byggðina t.d. með vegaframkvæmdum og styrkingu flutningskerfis raforku.

Þeir sem mátu vindorkuverið í Garpsdal með hliðsjón af þeim möguleikum sem svæðið býður til útivistar voru hins vegar neikvæðari út í virkjunarhugmyndina en ferðaðþjónustuaðilarnir. Flestir voru nokkuð sammála um að svæðið væri ekki mjög þekkt sem útivistarsvæði og að ekki margir færu þangað, en það þýddi hins vegar ekki að fyrirhugað virkjunarsvæði hefði lítið útivistargildi. Þá sagði einn viðmælandi t.d.: „Ég veit að botninn í Gilsfirðinum er náttúrlega algjör perla en kannski tiltölulega fáir sem þekkja hana. Ég held að það sé kannski meira málið, að fólk þekki þetta svæði minna.“ Nokkrir viðmælendur sögðu frá því að þeir hefðu farið í göngu- eða skíðaferðir í grennd við virkjunarsvæðið eða stundað þar klifur. Þau svæði sem viðmælendur minnstu sérstaklega á sem útivistarsvæði voru Vaðalfjöll, Steinadalsheiði, Vatnadalur, svæðið norðvestan við Þorskafjörð og norður af botni Steingrímsfjarðar. Einn viðmælandi sagði: „Þetta er svona óþægilega sýnilegt af óþægilega mörgum svæðum sem hafa talsvert útivistargildi.“

Nokkrir viðmælendur töldu landslag og náttúru svæðisins líka hafa aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Til að mynda bentu þeir á að vindmyllurnar yrðu sýnilegar frá sunnanverðum Vestfjörðum, t.d. Reykhólum, og einnig af Húnaflóasvæðinu, svo sem frá Drangnesi og af Vatnsnesi, og allt væru það ferðamannastaðir með fallett útsýni. Einn viðmælandi sagðist sjálfur ekki fara með ferðamenn í Garpsdal, en það „er heilmikið potential alltaf í ýmsu og Gilsfjörðurinn og Reykhólar eru náttúrlega strandsvæði með mörgum möguleikum“. Líkt og með Sólheima tóku viðmælendur fram að það væru vissulega ýmis mannvirki á svæðinu en hins vegar engin virkjunarmannvirki og því væri aukin hætta á að svæðinu yrði umbreytt í iðnaðarsvæði.

Bæði ferðaþjónustuaðilar og útivistariðkendur höfðu einnig áhyggjur af áhrifum vindorkuversins á fuglaskoðun og ferðir tengdar því. Svæðið væri mikilvægt fyrir fuglalíf og ekki mætti vanmeta gildi svæðisins fyrir það:

Það sem ég hef áhyggjur af þarna er að þetta er við Breiðafjörð og við erum með amarstofn sem er mjög viðkvæmur og þó að við [fyrirtæki viðmælandans] séum ekki í því beinlínis þá eru margir sem eru það. Það er alveg fullt af fólki sem er búð að vera að gera út á svona þemaferðir eins og fuglaskoðun, í mjög vaxandi mæli síðustu ár alls konar svona þemu. Það eru svona ljósmyndaþemu til dæmis, alls konar ljósmyndaþemu sem tengjast dýralífi og landslagi, og það er orðinn mjög stór bransi og ég veit að það eru fyrirtæki á Ísafirði sem gera mjög mikið út á ljósmyndaferðir. En það eru hagsmunir okkar allra að ógna ekki amarstofninum, þannig að mér fyndist mjög sérstakt að setja upp í því samhengi vindmyllugarða við Breiðafjörð.

Nokkrir, en fáir, viðmælendur tjáðu þessar áhyggjur bæði í tengslum við tillögu um vindorkuver á Sólheimum og í Garpsdal, en áhyggjur af amarstofninum bar frekar á góma þegar rætt var um vindorkuver í Garpsdal. Einn viðmælandi sagði að Gilsfjörður væri það svæði á landinu sem hann færi helst með ferðamenn á til að sjá erni. Þá sagðist hann „kjósa örninn fram yfir vindmyllur“ en hann var einnig þeirrar skoðunar að ef vindmyllurnar hefðu neikvæð áhrif á amarstofninn þá myndi það hafa skaðleg áhrif á ímynd Íslands:

Ef ferðamaður fréttir af einhverjum einum erni sem flýgur inn í svona vindmyllu, þá tryllist hann. Ekki bara þeir sem hafa áhuga á fuglum, heldur líka ... þarna er tæknin að keppast við lífverur og það er neikvætt fyrir ferðaþjónustuna. Algjörlega. Þetta myndi strax skapa umræðu á netinu: „Örn flýgur í vindmyllu á fjalli.“ Það væri ekki góð auglýsing fyrir ferðaþjónustuna.

Þótt flestir viðmælendur teldu margt vera líkt með vindorkugarðinum í Garpsdal og á Sólheimum voru einnig nefnd nokkur atriði sem aðgreindu tillögurnar. Með vindorkuverinu í Garpsdal er til að mynda gert ráð fyrir færri vindmyllum en við Sólheima og auk þess töldu viðmælendur staðsetninguna vera nokkuð vel valda með tilliti til þess að vindmyllurnar myndu ekki sjást mjög víða að. Einn viðmælandi sagði að ferðamenn á leiðinni til og frá Vestfjörðum kæmu sennilega til með að sjá þetta bara á „kannski fimm kílómetra kafla“ á brúnni yfir Gilsfjörð og því gerði hann ráð fyrir því að vindmyllurnar myndu hafa „óveruleg áhrif“. „Þetta er greinilega klók staðsetning út frá því“, bætti hann við.

3.3.5 Alviðra

Viðhorf viðmælanda til vindorkuvers við Alviðru í Norðurárdal í Borgarfirði var að mestu leyti mjög svipað og til Vindheimavirkjunar. Viðmælendur lýstu báðum svæðunum sem landbúnaðarlandslagi í byggð og báðar tillögurnar eiga það sameiginlegt að vera við hringveginn. Líkt og með Vindheimavirkjun töldu forsvarsmenn ferðaþjónustunnar að Alviðra kæmi til með að hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu vegna þess mikla fjölda ferðamanna sem fer um

þjóðveginn. Einn sagði: „Það koma allir til með að sjá þetta, það er ekki spurning“, og annar: „Þetta er mjög fjölfarin leið á milli tveggja stærstu borga landsins, eða bæja, Reykjavíkur og Akureyrar. Það munu náttúrliga allir vera að keyra fram hjá þessu.“ Aðspurður hvort hann færi með viðskiptavini í ferðir nálægt virkjunarsvæðinu sagði einn viðmælandinn: „Já. Fara ekki allir þarna?“ Hann bætti við að Borgarfjörðurinn í heild væri mjög vinsæll áfangastaður ferðamanna og uppgangur ferðaþjónustunnar þar hefði skilað ýmsum afþreyingarmöguleikum sem hafa styrkt svæðið. Til að mynda væri mjög vinsælt að fara með ferðamenn í göngu við Grábrók og Baulu og fara síðan í Kraumu eða Landnámssetrið eftir á. Viðmælendur nefndu einnig að virkjunarsvæðið væri „gistisvæði“ og því stoppuðu margir ferðamenn þar ekki aðeins í nokkra klukkutíma heldur dveldu lengi á svæðinu. Einn viðmælandi tók fram að hann myndi ekki lengur nýta þá gistimöguleika á svæðinu fyrir viðskiptavini sína, sem kæmu til með að hafa útsýni að vindorkuverinu. Annar viðmælandi taldi vindorkuverið einnig geta haft neikvæð áhrif á sumarhúsabyggðina, sem er mjög sterk á svæðinu.

Mörgum var tíðrætt um að svæðið væri mjög fallett og gróið og því áhugavert fyrir ferðafólk að heimsækja það. Margir ganga á Grábrókargíga og kæmu vindmyllurnar til með að sjást nokkuð vel þaðan og einnig var rætt um að hraunasvæðið í kringum gígana hefði sérstakt aðdráttarafl bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn: „Svæðið í kringum Grábrók er ofsalega fallett. Þetta hraunsvæði og náttúrliga Grábrók sjálf eru staðir þar sem margir stoppa. Hópar stoppa og labba upp á Grábrók og allt þetta, þannig, að sjálfsögðu er þetta, myndi ég segja, frekar viðkvæmt svæði.“ Annar viðmælandi lýsti svæðinu einnig sem viðkvæmu: „Þetta er svolítill viðkvæm fegurð í Borgarfirðinum. Hann er frekar gróinn og einn af þessum stöðum á Íslandi þar sem er svona skógarskjólsstemning í gangi.“ Þeir sem töldu landslagið vekja mikil hughrif hefðu því kosið að reisa frekar vindorkuver á stað með minna aðdráttarafl:

Ég vil fara með þetta eins langt frá Grábrók eins og hægt er. Þetta gæti alveg farið upp á Holtavörðuheidi. Þegar þú ert komin á Holtavörðuheidi þá eru allir búnir að loka augunum hvort eð er, þangað til þeir koma aftur niður í Hrutafjörðinn. Þar er ekkert að sjá nema bara þoku.

Þá töldu viðmælendur að vindmyllur á þessum stað kæmu til með að breyta ásýnd svæðisins á neikvæðan hátt, eins og þessi, sem sagði:

Að stoppa þarna við Grábrók og labba upp á Grábrók, ég hef oft gert það með hópá þegar ég var gæd, þetta er alltaf svona: „Vá, þetta er flott útsýni!“ Það er mjög fallett að horfa þarna bæði til norðurs og suðurs af Grábrók og upp Norðurárdalinn þannig að þetta spillir útsýninu töluvert að vera akkúrat með vindmyllur þarna. [...] Við Bifröst og Grábrók, þá er þetta svona grænt, náttúrulegt svæði og akkúrat þar ber mjög mikið á vindmyllum og þær yrðu mjög framandi, ef ég ímynda mér einhverja svona hvíta turna í þessu græna gróna umhverfi.

Viðkomandi taldi vindmyllur á þessum stað vera enn meira „framandi“ en t.d. við Búrfell, bæði vegna þess að hvítar vindmyllur sæjust sérstaklega vel í grænu umhverfi og vegna þess að engin virkjunarmannvirki eru í Norðurárdal. Hann bætti við: „Ég er viss um að hver einasti maður sem fer þennan dal eða myndi labba upp á Grábrók og horfa niður myndi segja: Æ, synd að þetta er þarna.“ Annar sagði:

Ég hef trú á því að svona breyting á landslagi yrði neikvæð, á þessum stað. [...] Það eru neikvæð áhrif að vera með ósnortið umhverfi á þessum fallega stað, að bæta við stórum vindmyllum og í framtíðinni kannski fjölga þeim.

Nokkuð margir viðmælendur höfðu áhyggjur af því að vindmyllum myndi fljótt fjölga á þessum stað og áhrifin á landslagsupplifun gætu því orðið enn neikvæðari í framtíðinni.

Þegar við tölum um stærð á svona virkjunum, það er bara ekkert að marka neina stærð. Ég held að hvort sem menn myndu setja eina vindmyllu eða hundrað í fyrstu atrennu, það er eitthvað sem skiptir ekki máli vegna þess að þegar þú ert komin með eina þá er það alltaf hagkvæmnin sem skiptir máli. Það er miklu hagkvæmara að setja þetta allt á sama staðinn og stækka það sem er komið. Þannig, þó að menn setji eina eða sex eða tíu, eða fimmtíu eða hundrað er bara sami hluturinn. Þetta snýst um að brjóta inn land. Um leið og þú ert búinn að brjóta inn land fyrir eina vindmyllu þá skiptir ekki máli þó það séu hundrað, einhvern veginn.

Margir viðmælendur tóku fram að þó svo að vindmyllurnar við Alviðru væru tiltölulega fáar miðað við aðrar vindorkuhugmyndir sem rætt var um, þá sæjust þessar sex vindmyllur á einstaklega stóru svæði, allt frá Borgarnesi að Holtavörðuheidið og á köflum að Langjökli. Sýnileiki vindmyllanna við Alviðru var því talinn vera „óvenjumikill miðað við aðra möguleika“ og annar sagði: „Sjónmengunin er veruleg þó að þetta séu ekki nema sex möstur“.

Hins vegar voru ekki allir viðmælendur á þeirri skoðun að áhrif Alviðru yrðu mjög neikvæð á ferðaþjónustu og útivist. Þeir sem stunduðu útivist á svæðinu sögðu vindmyllurnar ekki koma til með að sjást frá þeim svæðum sem þeir myndu skilgreina sem flottustu útivistarsvæðin, sem oft voru talin vera svæðin norðvestan við Norðurá:

Í Norðurárdal ert þú bara að keyra þarna í gegn og það eru þarna mannvirki, náttúrlega engin í líkingu við þetta [vindmyllur]. Þetta er bara í byggð og maður býst ekki við neinni hálendisupplifun eða víðernisupplifun eða hvað það er sem þú ert að leita að. Þú býst ekkert við þess háttar upplifun akkúrat þar, ekki fyrir en þú ert kominn eitthvað vestur fyrir, vestur af Norðurárdalnum eða vestur fyrir Grábrók. Og þá er þetta hætt að sjást og þá getur þér verið alveg sama.

Þau svæði sem helst yrðu fyrir sjónrænum áhrifum vindmyllanna voru sögð vera Baula, Grábrók og Hraunsnefsöxlin en þó voru ekki allir sammála um að allir þessir staðir hefðu mikið aðdráttarafl fyrir útivistarfólk: „Maður sér þetta auðvitað frá Grábrók. En ég er ekkert mikið þar, það er svo létt. Maður hefur ekkert að gera þangað.“ Auk þess væri umhverfið þar mjög manngert og myndi

þar af leiðandi fæla margt útivistarfolk frá: „Það er byggð þarna. Maður er ekkert að fara þangað til að komast út í náttúruna.“ Annar sagði:

Það er kostur við þennan stað að hringvegurinn er þarna, þjóðvegur númer eitt. Og maður reynir yfirleitt að vera ekki alveg utan í veginum þegar maður er í einhverri útivist. Bara út af umferðinni og látunum og þess háttar. [...] Það er ekki jafn ósnortið, það er ekki jafn mikill friður á þessu svæði og mörgum öðrum. [...] Ég myndi gera miklu meiri athugasemd við það ef það ætti að fara að setja vindmyllur við Langavatn. Það fyndist mér út í hött. Þá myndi ég mótmæla. Af því að þar er allt að mestu leyti ósnortið. Þar er bara stöku vegir og einn skáli og eitthvað svona. Það væri út í hött að setja þær þar. Það er miklu betra að setja þær nær byggðinni.

Nokkrir ferðaþjónustuaðilar voru sammála og sögðu svæðið vera landbúnaðarlandslag: „Þetta er þegar nýtt land og breyting á nýtingu er kannski ekkert höfuðatriði.“ Annar viðmælandi sagði að „það að upplifa einhvers konar vindorkuver frá malbikuðum þjóðvegi sem er umhverfisvænt og almennt séð jákvætt finnst mér auðveldara að dila við“ en á ósnortnu svæði þar sem fólk væri markvisst að njóta náttúrunnar. Þá var einnig bent á að vindmyllurnar sæjust ekki frá mörgum af helstu viðkomustöðum ferðamanna, svo sem Kraumu, Hraunfossunum og Barnafossi, Reykholti og Húsafelli. Á mörgum ferðamannastöðum væri byrgt fyrir útsýni í þessa átt af ásettu ráði: „Þetta er svo rosalegt rokrassgat þannig að allir ferðamannastaðir í Borgarfirði eru einhvern veginn búnir að skýla útsýni í þá áttina.“

Annar sagði að virkjunarsvæðið hefði í sjálfu sér lítið gildi fyrir ferðamennsku: „Landslagið er, hvað eigum við að segja, ekkert sérstakt. Verndargildi landsins er nánast eingöngu fyrir fugla.“ Hann lýsti því nánar sem svo að landslagið veki ekki upp „sérstök hughrif“ hjá viðskiptavinum sínum, „það er að segja, ekki umfram það sem önnur svæði gera“. Vegna þess að vindorka er endurnýjanleg velti annar viðmælandi einnig fyrir sér hvort mögulegt væri að skapa áhugavert aðdráttarafl í kringum vindorku fyrir ferðamenn í Borgarfirði og minntist hann í því samhengi á uppbygginguna í kringum Deildartunguhver.

3.3.6 Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun

Aðeins örfáir viðmælendur höfðu komið á vatnasvæði Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjunar á Vestfjörðum og er það almennt ekki nýtt, eða lítið nýtt, af þeim ferðaþjónustufyrirtækjum og útivistarhópum sem rætt var við í þessari rannsókn. Viðmælendur voru sammála um að þetta væri mjög fáfarið svæði og sögðu aðeins örfáa ferðamenn fara upp á Glámuhálendið, sérstaklega vegna þess að aðgengi væri erfitt. Því sögðust margir ekki vilja leggjast gegn virkjunartillögunum „af því að þetta er út fyrir sjónarsvið þeirra sem eru að ferðast um svæðið“. Einn viðmælandi sagði: „Þetta er þarna inni á háheiðinni og þarna er engin umferð, ekki nokkur skapaður hlutur. Ekki nema á veturna, það er farið þarna svolítið á vélsleðum.“ Mest væri þó farið á vélsleðum fyrir norðan

framkvæmdasvæðið. Einhverjir færu um svæðið á gönguskiðum þar sem snjórinn héldist lengi fram eftir vori, jafnvel fram í maí og júní, en erfitt væri að fara þar um gangandi eða hjólandi.

Auk þess að vera óaðgengilegt og fáfarið var svæðið einnig talið búa yfir litlu aðdráttarafl fyrir ferðafólk, sér í lagi vegna þess að landslagið væri tilbreytingarlaust. Einn viðmælenda sem var spurður um hvernig hann myndi lýsa svæðinu þar sem lónin fyrir Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun yrðu staðsett, svaraði: „Þetta er flöt heiði, grýtt flöt heiði. Ef maður talar íslensku, þá er þetta ekkert skemmtilegasta svæðið á landinu.“ Einn útivistariðkandi sagðist „svona nokkurn veginn vera með tilfinningu fyrir því hvar flottu fjöllin og heiðarnar eru“ og bætti við: „Ég sé ekki af hverju ég ætti að vera að fara að labba upp á heiðina þarna“ og hann þekkti heldur engan sem stundaði útivist á svæðinu. Þá tók einn af forsvarsmönnum ferðapjónustunnar til göngukort og benti á að það væru engar skilgreindar gönguleiðir um svæðið, sem bæri vott um að svæðið hefði ekki mikið aðdráttarafl fyrir göngufólk. Áhrifin á ferðapjónustu og útivist voru því almennt talin vera lítil eða engin, eins og þessi viðmælendi lýsti:

Ég sé enga ástæðu fyrir því að þetta ætti að hafa einhver áhrif á fólk af því að það eru engir vegir sem liggja þarna. Fólk fer ekki þarna. Þetta er mjög hátt uppi og þetta er efst á heiðinni. Við erum bara að nýta nokkur vötn og safna saman vatni til að gera lón. Ég sé enga ástæðu fyrir því af hverju fólk ætti að mótmæla því. Ég meina, að raska landi er helsta áhyggjuefnið, það virðist vera þannig alls staðar núna. Ég meina, maður vill þetta óraskaða land og allt þetta. En það er samt enginn sem sér þetta. Það er enginn sem hefur komið þarna. Þú ert með örfáa einstaklinga sem mögulega fara þarna ef vegir opnast. Af hverju ætti fólk að vilja fara þarna upp? Ég veit það ekki. Það er ekkert þarna. Það er engin þjónusta, það er ekkert. Eins og ég segi, gönguferðirnar og allt er í gangi á Hornströndum, það er í Jökulfirði og norður á Ströndum og allt það. Það eru ekki margir sem myndu raunverulega fara á þetta svæði. Það er hvort eð er ekki vegur. Þetta er bara göngusvæði. Ég sé enga ástæðu fyrir því að þetta ætti að hafa áhrif.

Svæðið var álitid hafa lítið aðdráttarafl eins og það er í dag, en hins vegar töldu nokkrir viðmælendur Hvanneyrardals- eða Tröllárvirkjun geta skapað nýja útivistarmöguleika á svæðinu með tilkomu nýrra vega og innviða. Það væri jákvætt ef búnað yrði til tengingar og leiðir úr Ísafjarðardjúpinu niður í aðra firði, því að það myndi auðvelda mönnum að stunda útivist þar:

Ástæðan fyrir því að ég hef ekki farið á Glámu er að ég átti í ákveðnum vandræðum með að hanna ferð. Náttúrulega í fyrsta lagi þá eru engir vegir þarna. Það er númer eitt, sem þýðir það að maður fer ekki þangað á hjóli eða fæti. Í öðru lagi þá eru heldur engir skálar á svæðinu, sem er ekkert endilega frumforsenda, en er svona þægilegra, sérstaklega í vetrarferðum, frekar en að tjalda. Og þriðja er að það er svona vandræðagangur með það í rauninni að Gláma er stutt, þannig að þetta er svona eiginlega dagstúr ef maður fer allt, nema maður þræði hrygginn og komi niður einhvers staðar nálægt Ísafirði.

Þá væri mögulega hægt að draga fleira fólk á Glámuhálendið, sem var sagt „þola mikinn ágang“ og „taka nokkra af Hornströndum og planta þeim hingað“ til þess að draga úr álagi þar.

Bætt aðgengi að svæðinu var einnig sagt geta skapað tækifæri fyrir þróun ferðaþjónustu á svæðinu og einn viðmælandi sagði til dæmis:

Það gæti haft jákvæð áhrif á fólk með því gefa því möguleika á að ferðast á fleiri staði og sjá hluti. Og það væri hægt að gera þetta að smá aðdráttarafl fyrir ferðamenn, líka fyrir heimamenn og Íslendinga, og gera þetta að áhugaverðum stað sem mann langar að skoða. Þá væri þetta jákvæð upplifun.

Einn viðmælandi var almennt þeirrar skoðunar að á Íslandi þyrfti ekki að byggja fleiri virkjanir, en í samanburði við hinar tillögurnar í þessari rannsókn þótti honum vatnsaflsvirkjanirnar þrjár á Vestfjörðum vera skástar, þar sem fyrirhuguðu virkjunarsvæðin hefðu ekkert aðdráttarafl að hans mati. Viðkomandi viðraði ýmsar hugmyndir um hvernig væri hægt að nýta virkjunarframkvæmdir og skapa úr þeim jákvætt aðdráttarafl:

Við getum þá í raun og veru sagt: „Ókei, þið eruð þá að fara hér í uppbyggingu, veglagning, ókei. Við ætlum að nýta hana í ferðaþjónustu.“ Við ætlum ekki að gera þetta að óvini heldur ætlum við að draga fram styrkleika þess að það sé verið að opna hér Tröllárvirkjun og við ætlum að búa til Tröllárvirkjun af því að þar ætlum við að búa til stærsta tröll í heimi. Við ætlum að raða saman grjóthnullungum og búa til tröll upp á fjalli, eða eitthvað, og allir fara að skoða þetta stóra tröll þarna.

Annar kostur þessara virkjunarhugmynda sem viðmælendur nefndu var að lónin yrðu ekki mjög áberandi í landslaginu og kæmu því ekki til með að trufla mikið þá sem ferðast um svæðið:

Hér er ekki einhver slétta eða dalur sem er sökkt. Hér er allt þakið í vötnum og nú eru tvö þeirra orðin svolítið stærri eða samvaxin eða eitthvað svoléiðis. Þannig að ef maður sæi kort fyrir og eftir, tæki maður eftir því að einhver vötn eru stærri eða minni en áður innan um öll þessi vötn? Ég er ekki viss um það. Það er kannski þessi hugmynd að það er hægt að fara um svæðið, rekast á vatn og hafa ekki hugmynd um hvort það sé upprunalegt eða ekki. Og þá truflar það mann verulega minna.

Jafnframt töluðu útivistariðkendur flestir um að fara þar um á gönguskiðum og „þá náttúrlega veist þú ekkert hvort þú sért staddur ofan á vatni, landi eða lóni eða hvar vegir eru“. Auk þess yrði raskið ekki mikið vegna þess að ekki væri um stórvirkjanir að ræða: „Það er ekkert verið að búa til neitt risalón.“ Þeir sem studdu virkjunarhugmyndirnar bentu einnig gjarnan á að Vestfirðir væru „orkusvelt“ svæði en með því að byggja vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum væri hægt að styrkja byggð og þar með ferðaþjónustuna.

Hins vegar létu sumir viðmælendur einnig í ljós áhyggjur af neikvæðum áhrifum sem Hvanneyrardals- eða Tröllárvirkjun gætu haft í för með sér. Þeir voru ósammála því að vatnasvæðin og nærliggjandi firðir hefðu ekkert aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þeir litu svo á að styrkur svæðisins fælist meðal annars í því hve fáfarið, ósnortið og kyrrt það er. Einn sagði:

Þetta er í raun og veru alveg óraskað svæði. [...] Þetta er náttúrulega mjög nálægt friðlandinu í Vatnsfirði og á þessu svæði eru alls engin mannvirki, ekki neins staðar nálægt, þannig að það er töluvert inngrip að fara inn á þetta svæði.

Í tilfelli Hvanneyrardalsvirkjunar óttaðist einn viðmælandi að framkvæmdirnar gætu haft áhrif á ásýnd Ísafjarðar, sem Hvanneyrardalur liggur upp úr. Viðkomandi lýsti firðinum sem grónu og mjög fallegu svæði, sem margir keyrðu um á leið sinni um þjóðveginn. Einn viðmælandi óttaðist að lífríkið gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum og nokkrir viðmælendur höfðu áhyggjur af því að vatnsmagnið í fossum gæti minnkað. Einn orðaði það sem svo að Ísafjarðardjúp væri „töfrandi vatnaveröld“, þar sem vatnið fyssar fram af brúnum fjallanna, og taldi viðkomandi það mikilvægan hluta af ásýnd Djúpsins. Ef þetta minnkaði eða hyrfi væri hluti af aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn minna en ella. Annar sagði að virkjanirnar gætu fælt ferðamenn frá því að koma og njóta svæðisins:

Ég er að tala um eins og þessa [ferðamenn] sem sækja í kyrrð og ró og fallega náttúru og annað, þeim finnst það ekki eins spennandi að labba um þetta svæði því að það er búið að skrúfa svolítið fyrir þessa fossa og annað sem hefur fagurferðilegt gildi á svæðinu.

Aðspurður í hverju fagurferðilegt gildi svæðisins fælist bætti viðkomandi við:

Fagurferðilegt gildi hennar [náttúrunnar] væri þá þetta gríðarlega fallega útsýni sem maður hefði yfir norðurleiðina, niður í dalina, niður í firðina og hinum megin þá yfir Breiðafjörðinn. Þetta er náttúrulega gríðarlega fallegt og maður sækist alltaf rosalega mikið eftir því að vera sem hæst uppi til þess að fá sem besta útsýnið.

Þeir sem stunda útivist töldu sérstaklega þá staðreynd að svæðið er fáfarið gefa því mikið útivistargildi. Þarna gæfist tækifæri til að vera einn með náttúrunni og fá „þessa tilfinningu sem maður er að leita eftir, að maður sé einhvers staðar þar sem aldrei hefur neinn verið áður.“

Viðkomandi lýsti tilfinningunni nánar:

Þú rennur einhvern veginn saman við náttúruna. Þú veist ekki lengur hvort þú ert hún eða hún er þú eða eitthvað þannig. Það eitt að þú vitir að það er búið að stífla þarna einhverja á og það er búið að hækka í yfirborði í einhverju vatni, það truflar þessa tilfinningu sem þú myndir kannski annars fá á þessu svæði, jafnvel þó að, eins og í þessu tilviki, þú hafir kannski enga möguleika á að sjá þetta með berum augum nema þú takir eftir því að það er einhver grjótgardur þarna eða einhver hæð sem er óeðlilega bein. Þá veistu að þetta er manngerð stífla. Það er ekkert víst að þú sjáir einhver mannvirki. Það er ekkert víst að þú sjáir steiptan vegg eða eitthvað, en um leið og þú veist að það er búið að breyta þessu, að þetta er ekki lengur þessi svona einhvern veginn óendanlega frjálsa og villta náttúra, þá er búið að skemma aðeins fyrir þér.

Nokkrir viðmælendur voru alveg mótfallnir öllum virkjunum á Vestfjörðum, þar sem slík mannvirki pössuðu ekki við ímynd svæðisins og þá upplifun sem ferðamenn eru að sækjast í þar.

Þeir sögðu að ferðalag um Vestfirði væri eins og að ferðast aftur í tímann í samfélag með ríkar hefðir, án tækniframfara og fjöldaferðamennsku. Einn af þeim sagði:

Þar er mikið af ósnortinni náttúru. Við erum ekki komin með fjöldaferðamennsku þar enn þá og við erum enn með hefðir í landbúnaði og fiski. Fólk sem fer út á litlu bátunum á morgnana og kemur til baka um kvöldið. Fólk sem er með kindur og lætur þær fara upp í fjöllin. Mér finnst þetta vera einstakur staður og við ættum ekki að setja þessar virkjanir þar.

Vestfirðirnir voru taldir búa yfir miklum tækifærum fyrir ferðamennsku og útivist, eins og þessi útivistariðkandi sagði:

Ég myndi kannski bara segja almennt um Vestfirðina að þá finnst mér það bara vera algjör náttúruperla og ég er rosalega skeptískur á að leggja Vestfirði undir iðnað eða virkjanir eða eitthvað slíkt, af því að það eru bara svo fá svona svæði sem við eigum eftir. [...] Auðvitað þarf að vera eitthvað í gangi. Það verður að vera hægt að búa þarna en mér finnst Vestfirðirnir hafa alveg rosalega mikil tækifæri og það ætti að reyna að vernda þá sem heild og beina frekar virkjun annað.

Í staðinn fyrir að byggja virkjun á Vestfjörðum lögðu viðmælendurnir meðal annars til að styrkja frekar flutningskerfið. Einn tók fram að hann myndi frekar vilja sjá vindorkuver í Garpsdal með góðu flutningskerfi til Vestfjarða heldur en umræddar vatnsaflsvirkjanir sem myndu raska náttúru og þar með ímynd Vestfjarða.

3.3.7 Skúfnavatnavirkjun

Fáir viðmælendur þekktu vel til fyrirhugaðs virkjunarsvæðis Skúfnavatnavirkjunar rétt eins og á við um Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun. Einn af þeim fáu viðmælendum sem hafði farið í skipulagðar ferðir með ferðamenn um virkjunarsvæðið lýsti því á eftirfarandi hátt:

Það er mikil víðátta þarna og mörg svona smærri vötn, meira að segja fyrir utan þetta svæði sem lónið verður á og þar er rosalega mikið fuglalíf á sumrin, gæsir og því um líkt. Og síðan er bara útsýnið af fjallinu er alveg frábært yfir Djúpið. Ég er búinn að labba mikið sjálfur þarna upp á. Þetta er alveg æðislegur staður, ég tala nú ekki um þegar dagurinn er langur og sólin sleikir fjallatoppa þarna alveg allan sólarhringinn.

Viðkomandi hafði farið með ferðamenn á svæðið í „lengri ljósmyndaferðir til þess að leita að refum og öðru dýralífi“. Svæðið væri „út úr“ og „þar er svona svolítið mikill friður“, bætti viðmælandinn við. Flestir töldu svæðið þó ekki státa af sterku aðdráttarafli fyrir ferðamenn, eða í það minnsta sem ekki væri hægt að finna annars staðar. Þeir sögðu svæðið vera óaðgengilegt, utan alfaraleiðar og skorta einstakt landslag. Skúfnavatnavirkjun, líkt og Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun, er á svæði sem einn viðmælandi lýsti sem „bölvuðum leggjabryót“, sem „slítur skóm hraðar en nokkuð annað“.

Útivistariðkendur voru sammála og sögðu virkjunarsvæðið ekki vera fjölsótt útivistarsvæði. Þar væru einhverjir að stunda útivist á veturna, t.d. á skíðum og vélsleðum, og einn sagði frá því að hann hefði veitt í Hvannadalsá, en almennt færu þangað mjög fáir. Einn sagði að þarna færi bara „einn og einn sérvitringur sem hefur verið að ganga um þetta svæði af því að þetta er svona sér á báti og það er enginn þarna“. Ástæðan fyrir því að fáir stunduðu útivist á svæðinu væri fyrst og fremst talin vera sú að landslagið væri ekki einstakt og að önnur svæði á Vestfjörðum byggju yfir meira aðdráttarafl:

Miðað við þessar ferðir sem er alltaf verið að fara, þá er þetta svæði svolítið út úr. Menn svona keyra fram hjá þessu og þeir eru meira að fara að labba yfir jökul yfir á Strandir. Þeir eru meira að fara yfir á Tyrðilmýri og labba þarna eftir Snæfjallaströndinni. Það er norðar þar sem þeir eru að labba svolítið.

Auk þess lýstu viðmælendur að aðstæður á virkjunarsvæðinu væru óhentugar, t.d. væru þar mörg vötn sem gera útivistarfólki erfitt að fara um svæðið að sumri til. Skúfnavatnavirkjun lægi heldur ekki nærri algengum ferðaleiðum, og aðkomuleiðir væru fáar, og skortur væri á leiðum til þess að þvera „frá A til B“.

Heilt yfir lítið, voru Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun því taldar þeir virkjunarkostir sem væru skástir af þeim sem rätt var um í þessari rannsókn. Þangað færu ekki margir ferðamenn, enda ekkert sérstakt ákveðið aðdráttarafl á svæðinu sem myndi spillast með tilkomu virkjunar, og því yrðu fáir fyrir áhrifum. Einn viðmælandi sagði: „Fólk veit ekkert af þessu. Ég held að svona yfirhöfuð þá myndu mjög fáir pæla í því að þarna sé virkjun. Þetta er ekki svæði sem fólk ferðast um.“ Annar viðmælandi bætti við að Skúfnavatnavirkjun myndi heldur ekki útiloka möguleika ferðaþjónustunnar á þessu svæði. Viðkomandi taldi Vestfirði „eiga mjög mikla möguleika í alls konar hlutum eins og skíðamennsku, bæði fjallaskíðum og gönguskíðum, og gönguferðamöguleikarnir þeirra eru töluvert miklir“ en hann taldi þessa þrjá virkjunarkosti vera fyrir utan svæðin sem hafa hve mest „potential“. Að hans mati væru það sjávarþorp Vestfjarða, Strandir, Hornstrandir og Jökulfirðir sem hefðu helst möguleika á að gera meira á sviði ferðamennsku.

Auk þess var nefnt að Skúfnavatnavirkjun gæti orðið til þess að ferðamönnum og útivistarfólki myndi fjölga á svæðinu, fyrst og fremst ef aðgengi yrði bætt. Aðspurður um möguleg áhrif virkjunar á ferðamennsku á svæðinu sagði einn viðmælandinn: „Ég held að áhrifin yrðu jákvæð, ef yfirhöfuð [þau yrðu einhver]. Það væri jákvætt að bæta vegakerfið þannig að við getum þá raunverulega farið á staði sem við gátum ekki áður.“ Annar sagði:

Ég held að stutta svarið við þessari virkjun þarna, alla vega frá mínum bæjardyrum séð og ferðaþjónustunni, er að hún er bara kærkomin. Þetta er einhver stubbur til að aka í viðbót og

sérstaklega fyrir fólk sem vill kannski fara eitthvað ofar í berjamó eða eitthvað svoleiðis, einna helst. Vestfirðir eru rómaðir fyrir ber. Fólk keyrir alveg út um allt að ná í ber á Vestfjörðum.

Áhrifin fyrir ferðaþjónustuna yrðu sérstaklega góð ef hægt væri að skapa aðdráttarafl á virkjunarsvæðinu. Einhverjir viðmælendur sáu fyrir sér að þar væri hægt að búa til gönguleiðir þar sem fólk gæti þá notið útsýnisins yfir Ísafjarðardjúp. Í því samhengi vísaði viðkomandi í gönguleiðirnar sem Orkuveitan hefur lagt á Hengilssvæðinu og hann bætti við: „Ef hönnunin [á Skúfnavatnavirkjun] myndi gera ráð fyrir því að byggja upp útivistarsvæði í kringum hana, frá upphafi, það er mjög jákvætt.“ Í samamburði við Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun sögðu nokkrir viðmælendur að Skúfnavatnavirkjun myndi frekar skapa aukna útivistarmöguleika. Í tengslum við hana væri hægt að búa til lengri leiðir til ferðalaga svo að fólk gæti dvalið á svæðinu í nokkra daga. Loks töldu sumir viðmælendur að orkuþörf Vestfjarða væri mikil og meiri en í öðrum landshlutum. Skúfnavatnavirkjun myndi því mæta raforkuþörfinni og efla byggð, sem aftur er nauðsynlegt til að ferðaþjónusta geti þrífist á svæðinu.

Einhverjir voru þó andvígir virkjunarhugmyndinni á þeim grundvelli að virkjunarsvæðið væri hluti af stærri heild sem ekki mætti raska. Dæmi um það var viðmælandi sem var mótfallinn Skúfnavatnavirkjun á þeim forsendum að virkjunarsvæðið væri hluti af Drangajökulsvíðerni. Skúfnavatnavirkjun væri ein af þremur öðrum virkjunum sem væru í umræðu á svæðinu og hver þeirra myndi „skera eina sneið af þessari pylsu sem Drangajökulsvíðernin eru“. Viðkomandi útskýrði það nánar:

Það [Drangajökulsvíðernið] er stærsta víðernið fyrir utan hálendið og svona miðað við það hvar við erum stödd í dag, svona í þekkingu og skilningi á mikilvægi ósnortinnar náttúru, þá held ég að það sé svolítið forgangsverkefni að sneiða ekki af þessu víðerni. Það eru rosaleg tækifæri í ferðaþjónustu og útivist í víðerninu sem heild. [...] Bara af því að þetta er hluti af einhverri heild, þú ert alltaf að fara inn á einhver svæði sem þú ert búinn að fara inn á og þú ert að búa til þrýsting á meiri röskun á þessu svæði þó að þetta eitt og sér sé kannski ekki svo stórt.

Eins og fram hefur komið voru nokkrir viðmælendur andvígir öllum þremur vatnsaflsvirkjunum á Vestfjörðum á þeim forsendum að þær myndu hafa neikvæð áhrif á ímynd Vestfjarða. Einn viðmælandi sagðist til að mynda mæla með ferðum til Vestfjarða fyrir viðskiptavinum sem væru í leit að ósvikinni upplifun af Íslandi:

Ég segi alltaf fólki sem er að keyra að fallegustu leiðirnar eru þegar maður er að keyra firðina hér og það er virkilega stórbrotin upplifun. Þá sér maður gamla Ísland og ég segi þeim: Vilt þú upplifa Íslands eins og það var fyrir tuttugu, þrjátíu, fjörutíu árum? Þá ferðu þangað. Þá sérðu hvernig Ísland var án ferðamanna, án rafmagns. Það er bara enn eins og þetta var, þannig ef maður vill sjá authentic Ísland þá fer maður þangað og fólk er virkilega heillað.

Virkjanir voru taldar ógna þeirri ímynd. Þá sagðist einn útivistariðkandi ekki vilja sjá virkjanir á Vestfjörðum því að þær kölluðu oft á frekari framkvæmdir og uppbyggingu á óumhverfisvænum iðnaði:

Þeir [Vestfirðir] eru algjör náttúruperla og þarna er hægt að fara og upplifa alveg stórkostlegt landslag og bara fullt af hlutum sem á eftir að uppgötva og gera. Þetta er svæði sem er ofsalega einangrað og það er partur af sjarmanum við það og mér finnst einhvern veginn að vera að byggja upp stóriðju eða iðnað af því að það eru virkjanir og annað á þessum skaga, mér finnst það bara ekki meika sens. Mér finnst að það eigi að vera annars staðar og ég ætla að vona að við getum haldið Vestfjörðunum svona fríum af stóriðju og stóriðnaði og svona slíkri starfsemi. [...] Ein svona framkvæmd getur oft kallað á aðra af því að það er komin einhver orka þarna og þá fara menn að vilja byggja upp eitthvað orkufrekt á svæðinu. Það er líka það sem maður er svolítið hræddur við.

3.3.8 Hamarsvirkjun

Hamarsá rennur um Hamarsdal í Hamarsfirði, sem er syðst á Austfjörðum, og þeir viðmælendur sem þekktu svæðið lýstu því sem fallegu með „fjölbreyttum fossum“ og „fjölbreyttu og mögnuðu landslagi“. Einn sagði:

Síðan er mjög gróðursælt inni í þessum dal þannig að þú ert að fara af lítt grónu heiðarlandi eða öræfalandi og svo niður í fallega dalinn með mjög mikið af fossum og bara gífurlega fallett af gróðri. Þannig að þetta er mjög fjölbreytt, þetta svæði.

Hamarsvirkjunin sjálf er hins vegar á svæði sem kallast Hraun sem er „voðalega hrjóstrugt svæði, bara melar og grjót og lítil vötn og tjarnir hingað og þangað og lággróður, mosi og eitthvað svoléiðis“. Annar viðmælandi sagði: „Þetta er alveg perla sem hálendissvæði. Það er engin spurning og sérstætt landslagslega.“ Aðgengi að svæðinu er hins vegar erfitt og því er svæðið ekki fjölsótt. Fáir viðmælendur þekktu svæðið sjálfir og eins höfðu aðeins örfáir viðmælendur reynslu af því að fara með ferðamenn inn í Hamarsdal eða upp að Hamarsvatni á Hrauni. Helst færu ferðamenn þar í jeppaferðir, gönguferðir eða til þess að leita að hreindýrum. Einn af viðmælendunum sem hefur farið með erlenda ferðamenn í skipulagðar ferðir í Hamarsdal sagði að markhópurinn sem væri að sækjast eftir leiðsögn um þetta svæði væri mjög lítill. Hann einkenndist af efnameiri einstaklingum í góðu líkamlegu formi sem vildu „fyrst og fremst einveru og vera ekki innan um alla hina. Það er svona fyrst og fremst það og að sjá eitthvað annað en er meðfram þjóðveginum.“

Sú staðreynd að fáir ferðamenn fara um svæðið var ein af ástæðunum fyrir því að nokkrir ferðapjónustuaðilar sögðust ekki vera mótfallnir Hamarsvirkjun. Vegna þess hve erfitt er að ferðast um svæðið og hversu fáir gera það í dag, vonuðust nokkrir viðmælendur eftir því að þær vegafarmkvæmdir sem þyrfti að ráðast í vegna Hamarsvirkjunar myndi bæta aðgengi að svæðinu. Þá sagði einn viðmælandi:

Ég væri til í að hafa betra aðgengi, yfirleitt, og líka fyrir hreindýraveiðimenn og líka marga sem komast ekki, sem geta ekki hlaupið upp á hæstu tindu. Og þó að þú farir upp á tindu og skjótar dýrið, þá þarftu að koma því í byggð og þá er betra að þurfa að bera það aðeins styttra niður að bíl. Ég held að það sé alltaf betra að hafa betra aðgengi. Það er mín skoðun.

Annar sagði: „Það mun bara hjálpa okkur að bæta aðgengi þarna inn í dal eða þarna inn eftir og búa til í raun og veru leið þarna inn eftir, hringleið.“ Hann sá þann möguleika að opna hringleið úr Hamarsfirði yfir í nærliggjandi firði, en slíkar „hringleiðir“ væru sérstaklega vinsælar hjá ferðafólki vegna þess að þær veita möguleika á að sjá eitthvað nýtt allan tímann, frekar en að keyra sömu leið til baka. Eins gæti aðgengi að Þrándarjökli orðið betra en það er nú og gefið mönnum kost á að stunda þar útivist, sérstaklega á veturna. Vegurinn gæti einnig nýst göngufólki og gert því kleift að ganga um svæðið með trússþjónustu og þar með opnað það fyrir nýjum markhópi. Einn viðmælandi nefndi einnig að aukið aðgengi myndi gagnast hreindýraveiðimönnum sem reyndu oft að finna dýrin annars staðar en í Hamarsdal því að „þetta er náttúrlega bratt, mikil ganga og mikið fjalllendi“. Viðmælandi sem hefur farið með erlenda ferðamenn í Hamarsdal taldi bætt aðgengi geta fælt frá þá ferðamenn sem sækja þangað núna í leit að „algjöru ævintýri“, en hins vegar væri hægt að bjóða upp á annars konar ferðir fyrir breiðari markhóp ef vegur yrði lagður:

Þó að maður færi kannski ekki í sams konar ferðir og maður gerir núna að þá myndi maður nýta þetta og fara bara í annars konar ferðir og finna þá annan markhóp. En þær [ferðirnar] yrðu þá öruggari og hægt að fara í þær oft og hægt að setja þær inn í prógrammið. Eins og til dæmis ferðir þangað núna, ég set þær ekki inn í. [...] Maður þarf að vera mjög skipulagður þegar maður býr til ferðir og segja nákvæmlega, sérstaklega fyrir skipin, hvað er langt á milli staða, hvað eru mörg skref, liggur við, frá bíl og til dæmis að safni, hvað eru mörg þrep, hvað eru mörg salerni og svo framvegis. Og þetta hefur maður voðalega lítið getað gert inn í Hamarsdal af því að það er óöryggi. Maður gengur ekki að því vísu að geta farið frá A til B og fyrir suma er það mjög spennandi og það er þá fyrir þetta fólk sem er hjá mér, fyrir yngra fólk sem er kannski með stálpuð börnin sín, það er kannski voðalega spennandi að fara í svoleiðis ferð, vita ekki hvernig hún endar. En það eru mjög fáir sem vilja það. Flestir vilja vita nákvæmlega hvert þú ert að fara, hvernig og hvað þú átt í vændum og hvers konar vegir og svo framvegis þannig að ég held að það sé hægt að nýta dalinn betur sem ferðamannastað þegar það er betra aðgengi.

Heilt yfir lítið var hins vegar mikill meirihluti viðmælenda mótfallinn Hamarsvirkjun og þá sérstaklega útivistariðkendum, en enginn úr þeim viðmælendahópi studdi virkjunarhugmyndina heils hugar. Flestir þeirra voru sammála um að svæðið hefði mikið gildi fyrir útivistarfolk og það töluvert meira en fyrir ferðaþjónustuna. Helstu áhyggjur bæði útivistariðkenda og ferðaþjónustuaðila sneru að því að fyrirhuguð Hamarsvirkjun væri á svæði sem er að mestu leyti ósnortin náttúra. Aðeins einn viðmælandi taldi landslagið vera snortið og benti í því samhengi á nálægðina við Eyjabakkastíflu og önnur virkjunarmannvirki sem tilheyra Fljótsdalsvirkjun. Almennt voru viðmælendur þó

á því máli að Hamarsvirkjun yrði mikið inngríp í fallett landslag með lítt snortna náttúru. Einn viðmælandi sagði t.d.:

Eyðilegging á þessu svæði, miðað við þá kosti sem liggja í svæðinu sem óbyggðu svæði á óbyggðu hálendissvæði með fjölbreyttu landslagi og náttúrulega náttúru, að virkjun þarna væri bara stórslys. Ég get orðað það þannig og kemur ekki til greina í mínum huga.

Annar viðmælandi sagði að það að virkja á slíku svæði væri „náttúrulega gríðarlega neikvætt, myndi ég segja. Víðernin eru svo gríðarlega dýrmæt, það er til framtíðar sko.“ Með því að byggja virkjun á svæði þar sem engin mannvirki eru fyrir væri dregið úr gildi þess sem ósnortins svæðis og sem áfangastaðar náttúrusinnaðra ferðamanna og útivistarfólks. Einn viðmælandi, sem leist illa á Hamarsvirkjun, sagði: „Ég myndi bara segja, þessi víðátta, ég myndi reyna og ég myndi vilja halda í hana eins og mögulegt væri, óspjölluð náttúran náttúrulega.“ Aðrir vildu heldur ekki að vatnsmagnið í fossunum myndi minnka. Nokkrir bentu á að nú þegar væri búið að fórna mörgum ósnortnum svæðum á Austurlandi fyrir virkjanir og „eftir Kárahnjúkavirkjun og Fljótsdalsvirkjun, og veiturnar austan Jökulsár, þá er þetta í raun eina ósnortna svæðið sem við höfum á þessum austurhelmingi“. Annar viðmælandi sagði að Hamarsvirkjun yrði „síðasti naglinn í kistuna“ og myndi raska síðustu víðernum sem þar er að finna. Þá sögðu viðmælendur að það væru ekki margir staðir á landinu þar sem hægt væri að njóta ósnortinnar náttúru eins og hún finnst í Hamarsfirði, án þess að verða var við mannvirki og annað fólk. Út frá sjónarhorni útivistariðkenda var sú staðreynd að Hamarsdalur er fáfarinn talin vera hluti af aðdráttarafl hans. Til að mynda sagði einn:

Það er svolítið gaman að vera í svona aðþrengdu, eins og að vera í þröngum dal eða djúpu gili eða slíku. Og sjarminn við Hamarsdalinn er að það kemur eiginlega enginn [þangað]. Hann er gróinn, svona kjarr og fleira og þetta er svona staður sem maður gæti ímyndað sér, þegar maður færi þarna á fæti, að vera kannski einhverja 2-3 daga í tjaldi einhvers staðar að kanna svæðið. Það eru ekkert rosalega margir svona dalir eða firðir á landinu sem er jafn „ekki neitt“, svona ef við ordum það þannig.

Annar viðmælandi lýsti aðdráttarafl svæðisins á sambærilegan hátt:

Fólk sækir í kyrrðina, það er kyrrðin. Þarna getur maður verið einn í heiminum sem ég held að við á Austurlandi getum selt og státað af svolítið áfram. Þetta er það víðfeðmt þarna, já, til dæmis inn í þessum dölum. Maður getur bara farið bara og verið einn í heiminum allan daginn. Algjörlega.

Hamarsvirkjun og bætt aðgengi að svæðinu var því talið geta aukið umferð um svæðið og dregið úr aðdráttarafl þess, sem felst meðal annars einmitt í kyrrðinni. Ef svæðið gæti ekki lengur boðið upp á kyrrláta upplifun þá myndi það bitna sérstaklega á göngufólki og fæla stóran hluta þess frá. Aðspurður hvernig honum litist á að það yrði lagður vegur í dalnum, sagði einn viðmælandi: „Á að eyðileggja alla staðina, svei mér þá?“ og benti á átroðning á viðkvæm náttúrusvæði sem neikvæða afleiðingu vegauppbyggingar og aukinnar umferðar í kjölfar hennar:

Þessir dalir, þessir þarna, Hamarsdalur, Flugustaðadalur, þetta eru allt algjörar gersemar sem eru í mesta lagi með einhverjum rollustígum. Það er aðallega það, þetta er bara afskekkt. Mér finnst leiðinlegt að hugsa til þess að þróunin í öllu virðist ætla að vera að afnema það. Það eru svona staðir sem eru í dag færir jeppum og það svona kontrollerar svo trafikina, eins og Kverkfjöll og fleiri staðir. Ef við gætum bara farið á fólksbílum, ef það kæmu bara fólksbílar, þá myndi stórsjá á þessu svæði. Þetta eru bara það viðkvæm svæði, mörg hver.

Virkjunarframkvæmdir gætu einnig sett strik í reikninginn fyrir nokkur framtíðaráform um uppbyggingu á gönguleiðum og skálum á svæðinu. Svæðið var sagt vera „stórt svæði til uppbyggingar til framtíðar, þetta er raunverulega eina svæðið til þess“. Nokkrir viðmælendur lýstu hugmyndum fyrir svæðið, þ.e. hvar væri gott að stika gönguleiðir og byggja skála, og þar með búa til fjölbreyttar leiðir, bæði lengri og styttri. Með því að byggja Hamarsvirkjun og umbreyta svæðinu væru forsendurnar hins vegar brostnar, þar sem virkjunin og raskið sem henni fylgir myndi draga úr áhuga göngufólks á að koma á svæðið.

Aðrar áhyggjur viðmælenda voru að virkjunarframkvæmdir myndu fæla hreindýr frá og því myndi svæðið ekki lengur laða til sín hreindýraveiðimenn. Einn viðmælendanna hafði áhyggjur af því að þeir ferðamenn sem kæmu í staðinn fyrir gönguferðamenn og hreindýraveiðimenn væru minna upplýstir en þeir. Hann óttaðist að þeir myndu keyra veginn upp á Hraun í hvaða veðri sem er og koma sér þar með í hættu, en viðkomandi hefur reynslu af því að aðstoða ferðamenn sem afla sér ekki upplýsinga um færð og veður. Loks nefndu viðmælendur einnig að engin þörf væri á raforkuframleiðslu á Austurlandi til viðbótar við það sem fyrir er.

4 Samantekt

Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á viðhorf ferðapjónustuaðila og útivistariðkenda til virkjunarhugmynda í 4. áfanga rammaáætlunar með tilliti til áhrifa þeirra á ferðamennsku og útivist. Jafnframt var spurt um hvort þessir aðilar teldu einhverjar hugmyndir æskilegri eða óæskilegri en aðrar. Ljóst er að allar virkjanir hafa einhver áhrif á náttúruna og þar með bæði á ferðapjónustu og útivist. Heilt yfir litið má segja að flestir viðmælendur myndu helst kjósa að engin af þeim umræddu virkjunarhugmyndum yrði að veruleika nema brýna nauðsyn bæri til. Frá sjónarhóli viðmælenda, hvort sem var úr hópi ferðapjónustuaðila og útivistariðkenda, er lítt snortin náttúra verðmætari en raforka, enda er náttúran helsta aðdráttaraflið fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Hverri virkjun fylgir ákveðin áhætta á að upplifun ferðamanna skerðist vegna röskunar á náttúru. Fyrir útivistarfólk er tilkoma nýrra virkjana ákveðin skerðing á lífsgæðum því að með þeim er gengið á óspillta náttúru og þar með fækkar áhugaverðum útivistarsvæðum. Í ferðapjónustunni er sérstaklega horft til þess að virkjun getur haft neikvæð áhrif á ímynd ferðamanna af virkjunarsvæðinu eða jafnvel ferðamannalandinu Íslandi og þar með dregið úr áhuga þeirra á að koma hingað til lands. Þar sem er hins vegar ekki verið að raska verðmætri náttúru og aðdráttarafli fyrir ferðapjónustuna, geta virkjanir einnig haft jákvæð áhrif. Þar ber helst að nefna að þær geta styrkt raforku- og/eða vegakerfið, sem aftur getur eflt byggðir og þar með einnig styrkt ferðapjónustuna á staðnum. Þannig geta virkjanir einnig skapað aðgengi að nýjum útivistarsvæðum og gert þannig fleirum kleift að ferðast um svæðið. Ljóst er einnig að „sagan“, eins og sumir viðmælendur kölluðu það, sem ferðamenn heyra um virkjanir og hlut þeirra í raforkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum á Íslandi, skiptir sköpum. Ef nauðsynlegt er að virkja, má draga úr neikvæðum áhrifum virkjana með því að beina athygli ferðamanna að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa sem gegna þar með mikilvægu hlutverki í baráttunni í loftslagsmálum og eru lykillinn að sjálfbærri framtíð mannkyns.

Þótt almennt séu eiginleg gögn ekki vel til þess fallin að raða valkostum eins og um meginleg gögn væri að ræða þá er hér gerð tilraun til þess að draga fram hvaða virkjunarhugmyndir viðmælendum þóttu ásættanlegri en aðrar og hverjar væru allsendis óásættanlegar fyrir ferðapjónustu og útivist (tafla 4). Er það gert í ljósi þess hversu mörg viðtöl um er að ræða en þó með fyrrnefndum fyrirvara. Hvort virkjunartillaga var talin hafa meiri neikvæð en jákvæð áhrif fór einna helst eftir fimm þáttum:

1. Hversu margir ferðamenn og útivistariðkendur fara um svæðið og yrðu fyrir áhrifum.
2. Hvort svæðið búi yfir aðdráttarafli fyrir ferðamenn og útivistariðkendur.
3. Hversu náttúrulegt yfirbragð svæðið hefði og hvort önnur (virkjunar)mannvirki séu á svæðinu.

4. Hvort raforku skorti fyrir byggðirnar í kringum virkjunina.

5. Hversu umfangsmikil virkjunarmannvirkin yrðu og hversu áberandi þau yrðu í landslaginu. Þannig voru viðmælendur jákvæðari gagnvart virkjunum ef þeir töldu raforkuskort vera á nærliggjandi svæði, ef aðdráttarafl var takmarkað, ef svæðið var fáfarið og ef ásýnd svæðisins var nokkuð manngerð. Viðmælendur töldu almennt að litlar virkjanir hefðu minni neikvæð áhrif en stærri.

Tafla 4. Samantekt: Viðhorf ferðapjónustuaðila og útivistariðkenda til virkjunarhugmynda í 4. áfanga rammaáætlunar.

Virkjunarhugmyndir Áhrifaþættir	Skúfnavatna-, Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun	Sólheimar	Vindorku- garður í Garpsdal	Vindheima- virkjun	Alviðra	Búrfells- lundur	Hamars- virkjun
Fjöldi ferðamanna	Lítill	Lítill	Lítill	Mikill	Mikill	Mikill	Lítill
Aðdráttarafl	Skortir	Skortir	Já og nei	Já og nei	Já og nei	Til staðar	Til staðar
Svæði án mannvirkja	Já	Já og nei	Já og nei	Já og nei	Já og nei	Já og nei	Já
Orkuþörf á svæðinu	Já	Já og nei	Já og nei	Já og nei	Nei	Nei	Nei
Sýnileiki vindmylla		Mikill	Mikill	Minni	Mikill	Mikill	
Rask af völdum vatnsaflsvirkjana	Lítið						Mikið
							
Mat viðmælenda á áhrifum virkjana	Minnst neikvæð áhrif			Mest neikvæð áhrif			

Með tilliti til þessara atriða voru vatnsaflvirkjanirnar þrjár á Vestfjörðum (Skúfnavatna-, Hvanneyrardals- og Tröllárvirkjun) taldar ásættanlegri en hinar virkjunarhugmyndirnar. Umfang þeirra er minna en hinna virkjananna sem hér voru til skoðunar, auk þess sem margir viðmælendanna töldu að þær gætu átt þátt í að tryggja Vestfirðingum það rafmagn sem þá skortir nú. Vissulega eru þær allar á svæðum sem státa af ósnortinni náttúru en á móti kemur að sú náttúra var talin einkennast af einsleitu landslagi sem fáir heimsækja. Jafnvel voru uppi hugmyndir um að hægt væri að skapa aðdráttarafl í kringum virkjanirnar og sumir töldu að með bættu aðgengi opnuðust tækifæri fyrir útivistarfólk og ferðapjónustuna.

Næst ásættanlegast var vindorkuverið Sólheimar talið og því næst vindorkuverið í Garpsdal. Líkt og með vatnsaflsvirkjanirnar þrjár fara tiltölulega fáir um þessi svæði. Flestir viðmælendur töldu að svæðið við Sólheima hefði lítið sem ekkert aðdráttarafl fyrir ferðamenn og útivistarfólk, en skiptar skoðanir voru aftur á móti um aðdráttarafl svæðisins þar sem vindorkuverið í Garpsdal er fyrirhugað. Þar var landslagið talið nokkuð fallegra en í Dölunum og var svæðið talið

hafa meira gildi fyrir útivist, auk þess sem viðmælendur höfðu áhyggjur af arnarstofninum. Skiptar skoðanir voru einnig um það hvort vindorkuverin tvö myndu raska ósnortnu landslagi eða ekki. Vindmyllurnar þóttu vera býsna háar og margar og þóttu þar af leiðandi hafa meiri áhrif en vatnsaflsvirkjanirnar þrjár á Vestfjörðum þar sem sjónrænu áhrifin af vindmyllunum teygðu sig yfir tiltölulega stórt svæði.

Viðhorf til Vindheimavirkjunar í Hörgárdal voru að mestu leyti neikvæð, sérstaklega meðal ferðapjónustuaðila. Skiptar skoðanir voru á því hvort svæðið væri ósnortið og eins voru viðmælendur ekki sammála um hvort fyrirhugað virkjunarsvæði byggi yfir einhverju ákveðnu aðdráttarafl. Helsti kostur þessarar tillögu var talinn sá að fjöldi vindmylla og sýnileiki þeirra væri minni en hinna vindorkuveranna og að virkjunin gæti stuðlað að auknu raforkuöryggi á Norðurlandi. Hins vegar töldu fleiri viðmælendur Vindheimavirkjun hafa neikvæð áhrif en jákvæð vegna þess mikla fjölda fólks sem yrði fyrir sjónrænum áhrifum af henni í ljósi þess að allir sem aka þjóðveginn um Hörgárdal myndu sjá hana. Sömu sjónarmið voru uppi varðandi Alviðru í Borgarfirði, en viðhorf til þessarar virkjunarhugmyndar var einnig að mestu leyti neikvætt vegna þess mikla fjölda ferðamanna sem yrði var við vindorkuverið við hringveginn. Einnig þótti neikvætt að vindmyllurnar myndu sjást frá vinsælum útsýnisstöðum eins og Grábrók, og Baulu fyrir þá sem færu í lengri göngu. Líkt og með Vindheimavirkjun voru skiptar skoðanir um hvort svæðið væri ósnortið eða ekki og tóku ferðapjónustuaðilar og útivistariðkendur oft ólíka afstöðu til virkjunarhugmyndanna, einkum þegar um staðsetningu við hringveginn var um að ræða. Útivistariðkendur töldu staðsetningu vindorkuveranna við hringveginn og nálægt byggð vera kost þar sem svæðin væru manngerð og hefðu þar af leiðandi ekki mikið aðdráttarafl fyrir útivistariðkendur. Hins vegar töldu ferðapjónustuaðilar staðsetningu vindorkuvera við þennan umferðapunga veg mjög óhentuga vegna þess hve margir ferðamenn myndu sjá vindmyllurnar.

Staðsetning Búrfellslundar var af meirihluta viðmælenda talin óhentug með tilliti til áhrifa vindorkuversins á ferðapjónustu og útivist í ljósi þess að þar er einn megininngangurinn að hálendi Íslands. Nokkrir töldu þó staðsetninguna henta vel með hliðsjón af því að þarna væri nú þegar búið að raska umhverfinu með þeim vatnsaflsvirkjunum sem eru á svæðinu. Þeir sem töldu staðsetninguna óhentuga bentu á að sjónræn áhrif vindmylla væru allt önnur en af vatnsorkuverum, þar sem þær væru sýnilegar frá mun stærra svæði og voru viðmælendur því nokkuð sammála um að vindorkuver á þessum stað myndi rýra upplifun margra ferðamanna og útivistariðkenda. Fjöldi fyrirhugaðra vindmylla var talinn vera mikill og sjónræn áhrif þeirra víðtæk í fallegu og einstöku landslagi.

Hamarsvirkjun var sú virkjunarhugmynd sem var oftast talin óæskilegri en hinar. Í umræðunni um Hamarsvirkjun höfðu viðmælendur helst áhyggjur af því að þar yrðu virkjunar-

mannvirki reist á ósnortnu svæði, sem myndi breyta upplifun fólks af svæðinu og jafnvel fæla það frá. Helstu rök með virkjuninni voru að Hamarsvirkjun myndi ekki hafa áhrif á marga ferðamenn og útivistariðkendur þar sem svæðið er fáfarið en þau rök fengu ekki jafn mikinn hljómgrunn og mikilvægi þess að viðhalda ósnortinni náttúru og aðdráttarafl svæðisins. Jafnframt var sú staðreynd að svæðið er fáfarið talin vera eitt helsta aðdráttarafl þess.

Annað sem þessi rannsókn leiddi í ljós var að greina mátti mun á viðhorfum viðmælenda annars vegar til vindorkuvera og hins vegar til vatnsaflsvirkjana. Þeir sem voru andvígir vindorkuverum höfðu miklar áhyggjur af þeim sjónrænu áhrifum sem vindmyllur kæmu til með að hafa í íslensku landslagi. Vegna stærðar og sýnileika þeirra voru áhrif vindorkuveranna talin ná mjög langt og oft yfir stærra svæði en áhrif vatnsaflsvirkjana. Auk þess óttuðust viðmælendur að blikkandi ljós í dimmu gætu dregið úr möguleikum til þess að njóta norðurljósa, hljóðið í vindmyllum gæti truflað kyrrð og fuglar myndu fljúga í vindmylluspaðana og þær myndu þannig hafa áhrif á fugla og ljósmyndaferðir. Út frá sjónarhorni ferðapjónustunnar töldu viðmælendur einnig að í samanburði bæði við jarðvarma- og vatnsaflsvirkjanir væri erfitt að umbreyta vindorkuverum í aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna þess hve margir eru vanir að sjá vindmyllur á heimaslóðum sínum. Þeir sem voru hins vegar hlynntari vindorkuverum voru það á grundvelli þess að vatnsaflsvirkjunum fylgir oft verulegt óafturkræft rask á náttúrunni. Það væri hægt að taka vindmyllur niður og þá væri hægt að endurheimta landslagið. Aftur á móti höfðu viðmælendur áhyggjur af því að vindmyllur yrðu aldrei teknar niður ef þær væru á annað borð settar upp og að þeim myndi þvert á móti fjölga hratt með tilkomu fyrsta vindorkuversins.

Eins og fram hefur komið hafa allar virkjanir áhrif á ferðapjónustuna og útivist með beinum eða óbeinum hætti. Viðmælendur voru því allir sammála um að vanda þurfi til staðarvals virkjana til þess tryggja að erlendir jafnt sem innlendir ferðamenn geti áfram notið þess að ferðast um náttúru landsins, jafnframt því að raforkuframleiðsla sé nægileg til þess að tryggja öllum aðgang að endurnýjanlegri raforku.